Fossárvík í Berufirði

Aðalskráning fornleifa á Eyjólfsstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár

Ritstjóri: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Höfundar efnis: Gylfi Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2018
FS717-18141

Á forsíðumynd sjást pollar á Miðásnum og í baksýn rennur Fossá eftir Miðásgljúfri og niður í Vondásfoss. Í fjarska sést glitta í Berufjörðinn.

© 2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@instarch.is

HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt 5

Abstract 5

1. Inngangur 6

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 8

3. Aðferðir við fornleifaskráningu 10

4. Ágrip af sögu bæjanna og fornleifaskrá 12

SM-213 Eyjólfsstaðir (Fossárdalur) *12*

Fornleifaskrá *14*

SM-214 Eiríksstaðir *44*

5. Niðurstöður 57

Býli og bæjarhólar í Fossárdal *58*

Deiliskipulagsreitur í Fossárvík *60*

Minjaheildin á Eiríksstöðum *60*

Heimildaskrá 62

Útgefnar heimildir *62*

Óútgefnar heimildir *62*

Heimildamenn *62*

Hnitaskrá 63

Minjakort 65

Samantekt

Í þessari skýrslu eru annars vegar birtar niðurstöður aðalskráningar á reit innan lögbýlanna Eyjólfsstaða (áður Fossárdal) og Eiríksstaða í Berufirði í Djúpavogshreppi (áður Beruneshreppi), Suður-Múlasýslu. Hins vegar eru í þessari skýrslu niðurstöður deiliskráningar á 25 hektara reit innan sömu jarða. Fornleifaskráningin var unnin vegna fyrirhugaðar uppbyggingar á aðstöðu og aðgengi fyrir ferðamenn á svæðinu í kringum neðsta hluta Fossár. Skráningin var unnin fyrir landeigendur og var teiknistofan AKS á Egilsstöðum með milligöngu fyrir verkið. Vettvangsvinna fór fram vorið 2018. Alls voru 58 fornleifar skráðar á svæðinu, þar af voru 12 fornleifar innan deiliskipulagsreitsins.

Efnisorð: fornleifafræði, Austurland, aðalskráning, deiliskráning, Suður-Múlasýsla, Djúpavogshreppur, Fossárdalur

Abstract

This report contains the results from a general survey and a detailed survey conducted within parts of the registered farms (from J. Johnsen's land register) Eyjólfsstaðir and Eiríksstaðir in Berufjörður in East Iceland. The landowners in Fossárdalur are planning to make improvements on facilities and access for tourists in the lower parts of the valley and therefor it was necessary to carry out an archaeological survey for the area. The fieldwork was done in early May 2018 where 58 archaeological sites were surveyed within the whole area, thereof 12 sites within the detailed survey area.

Keywords: Archaeology, East of Iceland, general survey, detailed survey, Suður-Múlasýsla, Djúpavogshreppur, Fossárdalur

1. Inngangur

Snemma árs 2018 fór teiknistofan AKS á Egilsstöðum, fyrir hönd landeiganda í Fossárdal, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér aðalskráningu og deiliskráningu fornleifa í Fossárvík í Djúpavogshreppi. Aðalskráningarsvæðið sem um ræðir er 88 ha stórt svæði í landi bæjarins Fossárdals. Deiliskráningarsvæðið er 25 ha svæði í landi sömu jarða, beggja vegna við neðsta hluta Fossár, í Fossárvík. Allar minjar sem voru innan deiliskipulagsreits eða í 15 m fjarlægð frá honum voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda. Verkið er unnið í tengslum við uppbyggingu á aðstöðu og



Fossárdalur er staðsettur innarlega í Berufirði, norðan við Djúpavog

aðgengi fyrir ferðamenn á svæðinu en áætlað er að hanna 3 km stígakerfi ásamt því að leggja brú yfir Miðásgljúfrið. Skipulagið er nauðsynlegt til þess að hlífa viðkvæmri náttúru í Fossárvík ásamt því að tryggja öryggi þeirra gesta sem heimsækja víkina á ári hverju en Fossárvík er þegar einn fjölsóttasti áningastaður ferðamanna á svæðinu.[1]

Býlið Fossárdalur er staðsett utarlega í dalnum, undir Fossárdalsfelli. Elstu heimilir um býlið eru frá 1703[2] og þá var aðeins eitt lögbýli í dalnum. Á tímabili var allur dalurinn í eyði en á 19. öld hafði búskaður verið hafinn þar að nýju og jörðinni þá verið skipt upp á milli þriggja lögbýla; Eyjólfsstaða, Víðiness og Eiríksstaða. Samhliða þessum þremu lögbýlum var einnig búið á nokkrum hjáleigum sem byggðar voru í tún Eiríksstaða.[3] Í dag hefur allt land í Fossárdal verð sameinað aftur og

[1] Framkvæmdasjóður ferðamanna, 2018, bls. 4-5.
[2] JÁM, bls. 402
[3] SJM III, bls. 405-409

heyrir nú undir nýbýlin Fossárdal I og Fossárdal II. Rekin er ferðaþjónusta í gamla Eyjólfsstaðabýlinu, í íbúðarhúsi sem byggt var árið 1922.[4]

Heimildaskráningu fyrir Djúpavogshrepp vann Sædís Gunnarsdóttir. Vettvangsvinna fór fram byrjun maí 2018 og hana unnu Gylfi Björn Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingar. Lilja sá einnig um úrvinnslu, kortagerð og skýrsluskrif. Sérstakar þakkir fá Hafliði Sævarsson, ábúandi í Fossárdal II og Halla Eyjólfsdóttir fyrir aðstoð og upplýsingar um fornleifar á svæðinu.

Skýrsla þessi er byggð upp á þann hátt að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjafar um minjavernd í landinu. Í kjölfar hans fylgir þriðji kafli þar sem farið er yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í fjórða kafla er sjálf fornleifaskráin þar sem fjallað er um fornleifarnar sem skráðar voru, í kjölfar ágrips af sögu jarðanna sem þær tilheyra. Í fimmta og jafnramt síðasta kaflanum verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minja á skráningarsvæðinu.



Á kortinu sjást svæðin sem skráð voru, annarsvegar aðalskráningarsvæðið (fjólublátt) og hinsvegar deiliskráningarsvæðið (appelsínugult). Loftmynd: Loftmyndir ehf.

[4] SJM V, bls. 614

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi



Dæmi um framsetningu á upplýsingum um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir

fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir uppmældir og var hnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskráninni (dæmi: SF-014:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits skráðir í stórhættu vegna framkvæmda. Ekki liggja fyrr fullbúin gögn um hvernig skipulagið á svæðinu kemur til með að vera eða hvaða mannvirki þar munu rísa og því var ákveðið að skilgreina alla minjastaði í stórhættu. Ein fornleif innan deiliskipulagssvæðsins, Miðásstekkur SM-213:034, var þó metinn í meiri hættu vegna trjáræktar en framkvæmda. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Ágrip af sögu bæjanna og fornleifaskrá

SM-213 Eyjólfsstaðir (Fossárdalur)

Bæjarstæði Eyjólfsstaða 213:001. Íbúðarhúsið, sem byggt var árið 1922, er í dag notað sem gistiheimili

Jörðin Eyjólfsstaðir er í Fossárdal en dalurinn sá liggur inn af Fossárvík, innarlega í Berufirði. Bærinn stendur undir Fossárfelli. Innarlega í Fossárdal er vatnið Líkárvatn og úr því rennur Fossá. Fossá rennur í gegnum dalinn miðjan og fjölmargir fossar falla niður hjallabrúnir og um gil á leiðinni þar sem hún rennur á endanum út í Berufjörð í Fossárvík. Heimatún Eyjólfsstaða er utarlega í norðanverðum dalnum, skammt inn af Fossárklifum. Gamla túnið var um 2 dagsláttur innan túngarðs. Það var grasgefið þó svo að þar væri fremur jarðgrunnt og erfitt að slétta það að ráði. Engjar voru litlar, sumarhagar víðlendir og góðir um allan dal. Nokkurt skóglendi var í dalnum og átti Berufjarðarkirkja ítök í því. [5]

[5] SJM III: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 405-407

Ekki eru til eldri heimildir um byggð í Fossárdal en frá 18. öld, þó svo að líklegt sé að þar hafi verið byggð löngu fyrir það. Árið 1703 var aðeins eitt býli í Fossárdal og hét það Fossárdalur.[6] Dalurinn var í eyði í allmörg ár á 18. öld en óvíst er hversu lengi. Árið 1773 flutti Eyjólfur Jónsson frá Lambleiksstöðum í Mýrum í dalinn og hóf búskap en ekkert er getið um hvort hann hafi endurbyggt gömlu húsin sem farin voru í eyði eða byggt á öðrum stað. Líklegra þykir að hann hafi ákveðið að nýta sér þann húsakost sem þegar var til staðar sem og túnin sem búið var að rækta, enda hefur það verið auðveldara en að byrja upp á nýtt á öðrum stað. Nafnið Eyjólfsstaðir festist þó ekki við býlið fyrr en



Kortið sýnir útlínur túns samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 og staðsetningu fornleifa miðað við sama kort.

[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín XIII, bls.402

árið 1866 en þá voru býlin í dalnum orðin þrjú, Eyjólfsstaðir, Eiríksstaðir og Víðines, og hefur þurft að aðgreina þau með mismunandi nöfnum.[7]

Fornleifaskrá

Talið að 11 bæir hafi verið í Fossárdal fyrir 1402, þessir nefndir Bakki [SM-214:007], Broddaskáli [SM-213:058], Kirkjustaður (Engihlíð) [SM-213:008], Sómastaðir [SM-213:064], Hali/Hæli [SM-214:003] og Tómasarsund [SM-213:073]. Telja margir að kirkja hafi verið þar sem nú er nefnt Kirkjustaður, SJM III, 406.

1847: 4 hdr. Hjáleiga frá Berufirði (SM-215) og Berufjarðarkirkjueign. Urðarteigur [SM-212], Fossárdalur [SM-213] (Víðines [SM-213b]), Eiríksstaðir [SM-214] og Kelduskógur [SM-217] voru eign kirkjunnar í Berufirði og hafa sennilega skipst úr upphaflegu heimalandi. Jörðin nefnd Fossárdalur til 1860.

"Í dalnum hafa a.m.k. frá miðri 19. öld talist þrjár jarðir en þær eru Eiríksstaðir [SM-214], Eyjólfsstaðir [SM-213] og Víðines [SM-213b]. 1703 var aðeins eitt býli í dalnum Fossárdalur [SM-213] … Ekki eru kunnar eldri heimildir um nafnið Eyjólfsstaði en frá 1866, þótt þeir séu trúlega heitnir eftir Eyjólfi Jónssyni sem þar bjó 1773-1791 og reisti býlið að öllum líkindum úr auðn. Áður hét býlið Fossárdalur og Austur-Fossárdalur eftir að byggðist á Eiríksstöðum 1819, en þeir nefndust þá ýmist Eiríksstaðir eða Suður-Fossárdalur lengi fram eftir 19. öldinni. Býlið Víðines var byggt upp úr beitarhúsum frá Eyjólfsstöðum um 1845. Árið 1910 fara Eiríksstaðir í eyði og Víðines 1944 og eru þá Eyjólfsstaðir einir í byggð í dalnum. Svo lengi sem 2 jarðir voru í byggð í dalnum heyrðust iðulega nöfnin Austurbær og Suðurbær um Eyjólfsstaðir og Eiríksstaði." Ö-Fossárdalsjarðir, 1.

"Á Fossárdal var engjaheyskapur langsóttur og erfiður nema helst frá Víðinesi. Á Múla og í Engi voru bestu slægjurnar þótt blautar væru. Þó voru slegnir harðvellir og laufbotnar út um öll fjall hvar sem ljádrægt var. Öllum helstu engjablettum var skipt á milli bæjanna ... Eyjólfsstaðir áttu alla slægjublettir utar í dalnum, austur með hlíðum og niðri á Selnesi, einnig Gvendarmýri og Neðra-Engi." Ö-Fossárdalsjarðir, 26.

"Gamla túnið var um 2 dagsláttur innan túngarðs og svo jarðgrunnt að ógerlegt var að slétta það að ráði, en þó fremur grasgefið, enda jafnan lögð alúð við ræktun þess. Utan við það gengur lágur ás." SJM III, 407

---

[7] Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 407

SM-213:001 *Eyjólfsstaðir/Fossárdalur* bæjarhóll bústaður

A: 714114 N: 480425

Bæjarhóll Eyjólfsstaða 001, horft til suðvesturs

Elsta heimildin um Fossárdal er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Fossárdalur og Eiríksstaðir SM-214 eru einnig báðir nefndir í Jarðatali Johnsens frá 1847. Bær Fossárdals er merktur inn á túnakort frá 1919. Eftir 1866 var nafni bæjarins breytt í Eyjólfsstaði. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: "Í Fossárdal hafa á þessari öld verið 3 býli í byggð, Eyjólfsstaðir [SM-213], Eiríksstaðir [SM-214] og Víðines [SM-213b]. [...] kallast jörðin Fossárdalur fram yfir 1860." Bæjarstæði Fossárdals var flutt tæpum 600 metrum VNV inn dalinn um 1975 og þar standa núverandi íbúðarhús, byggð 1975 og 1988. Á gamla bæjarstæðinu stendur enn gamalt timburhús og samkvæmt heimildarmanni, Höllu Eyþórsdóttur, var það byggt árið 1922 en viðbygging vestan við húsið var byggð í kringum 1940. Þar er nú rekin ferðaþjónusta. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi III segir að baðstofa gamla torfbæjarins sem þar stóð áður fyrr hafi verið rifin árið 1920 en henni er ekki lýst nánar en að hún hafi verið þiljað torfhús. Íbúðarhúsið stendur tæpum 40 metrum norðaustan við veginn inn Fossárdal. Á bæjarhólnum sjást engar leifar eldri bæjarhúsa, fyrir utan eina hleðslu 072 sem liggur fast norðan við íbúðarhúsið.

Túnið í kringum gamla bæinn er ekki lengur í rækt en hefur verið sléttað á einhverjum tímapunkti. Bílastæði er á stóru svæði vestast í túninu. Miklu hefur verið plantað af trjám í túnið sem og mynda þau skjólbelti í kringum túnið og víðar. Stór birkitré vaxa norðan við íbúðarhúsið.

Bæjarhólsmyndun er ekki skýr. Syðri helmingi bæjarhólsins hefur verið rutt út við byggingu íbúðarhússins. Nyrðri helmingurinn stendur hærra og þar leynast án efa mannvistarleifar undir sverði. Þar sem bæjarhóllinn sést ennþá er hann 21x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur hann verið um 30 x 25 m í heildarstærð en suðurhluti hans er alveg horfinn. Bæjarhóllinn er ekki mjög mikill um sig og aðeins um 0.3-0.4 m á hæð.



Uppmæling af bæjarhól Eyjólfsstaða sem sýnir einnig leifar af kálgarði 072

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; JÁM XIII, 402; JJ, 378; SJM V, 614: SJM III, 408

SM-213:002 heimild útihús A: 714095 N: 480425

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúmum 10 metrum vestan við bæ 001, þar sem nú stendur viðbygging við íbúðarhúsið stendur nú.

Norðan við húsið eru birkitré og grasi vaxinn húsagarður en malarplan sunnan og vestan við það. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega verið rifið niður og sléttað áður en íbúðarhúsið var byggt á bæjarhólnum. Hugsanlega leynast þó enn minjar undir grunni hússins þó svo að það teljist ólíklegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:003 heimild útihús A: 714081 N: 480417

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 35 m VSV við bæ 001. Þar sem nú er malarplan og heimreiðin að gistiheimilinu sem nú (2018) er starfrækt í gamla íbúðarhúsinu.

Malarplan og malarheimreið eru þar sem útihúsið stóð. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið. Líklega hefur það verið sléttað í tún og ef einhverjar leifar af því hafa varðveist eru þær undir veginum og malarplaninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:004 heimild útihús A: 714062 N: 480421

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúmum 50 m vestan við bæ 001, þar sem heimreiðin að bæ 001 og vegurinn inn að Fossárdal I og II mætast. Malarheimreið eru þar sem útihúsið stóð.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið. Líklega hefur það verið sléttað í tún og ef einhverjar leifar af því hafa varðveist eru þær undir veginum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:005 þúst útihús A: 714162 N: 480455

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúmum 55 metrum norðaustan við bæ 001. Þar sem útihúsið var sést nú lítil þúst. Svæðið í kringum þústina er stórþýft, grasivaxið og frekar deiglent. Nokkur tré hafa verið gróðursett, bæði vestan og sunnan við þústina. Þústin er 6,5x6,5 m að stærð og er nánast hringlaga. Hún er um 0.4 m á hæð. Ekki sést móta fyrir innanmáli í þústinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst 005, horft til norðvesturs

Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:006 heimild útihús A: 714133 N: 480381

Samkvæmt túnakort frá 1919 var útihús tæpum 50 metrum suðaustan við bæ 001, sambyggt tröðum 040. Þar sem útihúsið stóð er nú sléttað tún og skjólbelti úr trjám. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið vegna túnsléttunar en hugsanlega leynast þó enn minjar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:007 hleðsla útihús A: 714078 N: 480455



Vegghleðslur 007, horft til norðurs á ljósmynd

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 60 metrum norðaustan við bæ 001. Þar sem útihúsið

stóð er stórt malarplan og upp við norðvestur enda þess er búið er að útbúa lítið, skjólgott svæði.

Tvær vegghleðslur liggja norðvestur-suðaustur og eru 13 m á milli þeirra. Vestari hleðslan er 13 m á lengd en sú eystri er 16 m á lengd. Þær eru 1-2 m á hæð og sá vestari lægri en sá eystri. Það sést í 5-8 umför af grjóti í veggjunum. Samkvæmt Höllu Eyþórsdóttur, heimildarmanni, var útihúsið rifið fyrir 1940 en veggir þessir byggðir úr grjóti úr tóftinni. Milli veggjanna stóð útihús og var grunnur þess einnig hlaðinn úr grjóti eldra útihússins en veggir úr viði og þak úr bárujárni. Á nokkuð nýlegri loftmynd sést útihúsið standa á milli veggjanna, upp við norðvestur þeirra. Samkvæmt Höllu fauk útihúsið í kringum árið 1990 og nú standa veggirnir þarna einir. Veggirnir voru byggðir í kringum 1940 og flokkast þeir því ekki sem fornleifar. Ólíklegt er að minjar leynist undir sverði þar sem að útihúsin voru rifin niður.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:015 frásögn vað A: 713848 N: 480375

Vað 015, horft til suðurs

Að sögn Hafliða Sævarssonar, heimildarmanns, var vað á Fossánni við Stekkjarhyl 016, um 270 m vestan við bæ 001 og um 25 SSA við stekk 016. Bakkar beggja vegna Fossárinnar eru flatir og grýttir. Fast norðan við Fossá er búið að hlaða varnargarð úr stórgrýti en það er ung framkvæmd og flokkast því ekki sem fornleifar.

Á þessum slóðum er Fossá grunn, straumlítil og með nánast sléttan grjótbotn. Hún er 30 m breið. Hvorki á vettvangi eða á loftmyndum sjást götur við vaðið, en svæðið norðan við Fossá er mikið raskað vegna bygginga varnargarðs og rafstöðvarhúss.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 9

SM-213:016 *Stekkhylur* tóft stekkur A: 713832 N: 480397

"Utan við Nesin fellur Fossá gegnum Vörðugljúfur í Vörðuhyl [091] en síðan til suðurs innan við Steinbogahraun fram af því í Steinbogafoss í Steinbogahyl og þaðan beint út í Stekkhylsfoss í Stekkhyl [...]. Kvísl fellur þó til austurs úr Stekkhyl, á milli Hólma og Stekkaness, nefnist hún Stekkaneskvísl út í við ytra hornið á Stekkanesinu. Í hann fellur auk Stekkaneskvíslar Stekkaneslækur austan við Stekkanesið," segir í örnefnaskrá. Öll stekkjarörnefnin hér að ofan vísa líklega til sama stekkjar. Tóft hans er um 280 m vestan við bæ 001 og tæpum 25 m NNV við vað 015. Stekkurinn er fast upp við klett á gróðurmiklum bletti þar sem lynggróður og mosi mynda nær samfellt gróðurlag. Til austurs er nýlegur varnargarður og stöðvarhús við Fossá.

Stekkjartóftin er 4x3.5 m að stærð og nálega ferhyrnd. Hún er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er grjóthlaðinn en grasi gróin og því er ekki hægt að sjá fjölda umfara. Veggjahæð er 0.2-0.3 m og eru veggir eins metra breiðir. Op er greinanlegt austurhlið tóftarinnar. Gólf stekksins er svo að segja

slétt og ekkert bendir til frekari hólfaskiptingar inn í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 9, 10-11



Stekkur 016 við Stekkjarhyl, horft til norðvesturs á ljósmynd

---

SM-213:017 *Stöðull* heimild kvíar A: 714253 N: 480371

Stöðull 017, horft til vesturs

"Utan við Klöppina er nú tún nefnt Sléttur en áður Stöðull og Nátthagi en þar fyrir neðan og utan Móar út að Keldu [...], " segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá segir einnig: "Einnig var garður [039] neðan við Nátthagann [019] og upp í Ás þar sem kletturinn beygir skammt innan við réttina sem notuð hefur verið fram undir þetta. Sú rétt var hlaðin að hluta úr grjótinu sem var umhverfis Nátthagann. Utan við Nátthaga var Stöðull og kletturinn þar framan í Ásnum var nefndur Stöðulklettur." Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: "Stöðull (Nátthagi) utan við bæ rétt um 11/2 dagslátt, girtur grjótgarði og fjárrétt [018] í námunda." Stöðull er um 150 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 7 m NNV við tóft 085. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið ær eða kýr verið mjólkaðar á stöðli en óvíst er að þar hafi verið hlaðnar kvíar.

Stöðull er fast neðan við Ásinn. Svæðið er grasgefið og er mikill mosi í grassverði. Til suðurs er sléttað tún. Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 11 og 18; SJM III, 407

SM-213:018 heimild rétt A: 714257 N: 480376

"Utan við Klöppina er nú tún nefnt Sléttur en áður Stöðull og Nátthagi [017] en þar fyrir neðan og utan Móar út að Keldu […]," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá segir einnig: "Einnig var garður [39] neðan við Nátthagann og upp í Ás þar sem kletturinn beygir skammt innan við réttina sem notuð hefur verið fram undir þetta. Sú rétt var hlaðin að hluta úr grjótinu sem var umhverfis Nátthagann." Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi III kemur fram að réttin var rifin árið 1926. Réttin var um 150 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 20 m NNA við kvíar 017.

Réttin var fast suðaustan við Ásinn, mosagróinn klettarana. Engin ummerki um rétt sjást á yfirborði vegna niðurrifs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 11 og 18; SJM III, 407

SM-213:019 heimild nátthaga A: 714162 N: 480274

Svæði í túni þar sem Nátthagi 019 var, horft til NNV

Á túnakorti frá 1919 er einhvers konar gerði teiknað suðaustan við bæ 001. Gerðið er teiknað utan heimatúns og því er staðsetning þess ekki nákvæmlega merkt inn á kortið. Að sögn Hafliða Sævarssonar, heimildarmanns, var um nátthaga að ræða sem var um 160 m SSA við bæ 001 og tæpum 8 m austan við Eyjólfsstaðaveg 9669.

Á þessum slóðum er harðlent og slétt tún. Til norðurs er Ásinn, mosagróinn klettur og vestan við svæðið liggur Eyjólfstaðavegur.

Engin ummerki um nátthaga sjást á yfirborði; sennilega hefur hann verið sléttaður í tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 13; túnakort 1919

SM-213:020 *Hestagjót* gata leið A: 714906 N: 480076

Brött og grýtt uppganga í Hestagjót 020, horft til ANA

"Í Suður-Klifum eru tveir allmiklir lækir, Göngugjótarlækur fellur í Vondaáshyl úr Göngugjót [021] og Hestagjótslækur fellur í Nykurhyl úr Hestagjót. Stundum voru teymdir lausir hestar upp klungrið í Göngugjót en annars var farið með stórgripi upp Hestagjót en þar er talsverður krókur. Sunnan við Nykurhyl [071] er Neðsti-Melur og skiptast áður nefndar leiðir uppi á honum, enda aldrei talað um Hestagjót, nema niður að honum. Stundum var þó farið gangandi neðan við Neðsta-mel og þar upp með læknum og var þá kallað að fara upp Gjót [084]," segir í örnefnaskrá. Leiðir 020, 021, 084 og 086 mynda saman eina minjaheild, leið með þremur mismunandi uppgönguleiðum, upp þrjú mismunandi gil. Gjót 084 er austast, Hestagjót 020 í miðjunni og Göngugjót 021 vestast. Allar þrjár uppgöngurnar sameinast uppi á klettunum í leið 086.



Kort af minjaheildinni sem sýnir hvar hver uppgönguleið liggur á leið 086. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hestagjót er rúmum 870 metrum suðaustan við bæ 001 og rúmum 130 m vestan við Gjót 084.

Svæðið er mjög gróðurvana og sést aðeins í lyng, mosa og gras þegar komið er upp klettana. Leiðin er bæði brött og grýtt. Hestagjót er brött leið sem liggur frá Nykurhyl 071 upp Hestagjót. Hún sést efst í klettunum sem einfaldur kindastígur, 0.2-0.3 m á breidd og liggur í krákustígum upp klettana frá hylnum. Hún sést á 70 metra löngum kafla og sameinast leið 086 þegar komið er upp á klettana.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 13

SM-213:021 *Göngugjót* gata leið A: 714705 N: 480041

Uppgangan í Göngugjót 021 sést illa, horft til norðausturs

"Í Suður-Klifum eru tveir allmiklir lækir, Göngugjótarlækur fellur í Vondaáshyl úr Göngugjót [021] og Hestagjótslækur fellur í Nykurhyl úr Hestagjót. Stundum voru teymdir lausir hestar upp klungrið í Göngugjót en annars var farið með stórgripi upp Hestagjót en þar er talsverður krókur. Sunnan við Nykurhyl [071] er Neðsti-Melur og skiptast áður nefndar leiðir uppi á honum, enda aldrei talað um Hestagjót, nema niður að honum. Stundum var þó farið gangandi neðan við Neðsta-mel og þar upp með læknum og var þá kallað að fara upp Gjót [084]," segir í örnefnaskrá. Leiðir 020, 021, 084 og 086 mynda saman eina minjaheild, leið með þremur mismunandi uppgönguleiðum, upp þrjú mismunandi gil. Uppgangan sem kallast Gjót [084] er austast, Hestagjót [020] í miðjunni og Göngugjót vestast. Allar þrjár uppgöngurnar sameinast uppi á klettunum í leið 086.

Göngugjót er rúmum 710 metrum suðaustan við bæ 001 og tæpum 200 metrum vestan við Hestagjót 020. Svæðið er mjög gróðurvana og sést aðeins í lyng, mosa og gras þegar komið er upp á klettana. Gatan í Göngugjót er sá hluti minjaheildarinnar sem sést verst. Aðeins efsti partur hennar sést, á þriggja metra löngum kafla en þegar neðar dregur hverfur hún alveg í grjótinu. Hún sést sem einfaldur ógróinn slóði og er 0.3 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 13

SM-213:032 *Sveinsstekksklettur* örnefni stekkur A: 714886 N: 480223

Svæðið neðan við Sveinsstekksklett 032, horft til austurs

"Bílvegurinn upp á dal liggur úr Áfangastað [041] upp Sveinsstekksbrekku eða Áfangastaðabrekkur og er sprengdur í brúnina á Sveinsstekkskletti eða sunnan við hann því að þar var göngu- og fjárrekstrarsnið áður [033] [...]. Ofan við Sveinsstekksklett er flatur hjalli Sveinsstekkur. Á honum sunnan til er Sveinsstekksmelur. E.t.v. hefur það áður verið nafn á öllum hjallanum og einhvers staðar verið stekkur," segir í örnefnaskrá. Sveinsstekksklettur er um 800 m austan við bæ 001 sunnan við bílveginn en engin tóft sést lengur á svæðinu.

Svæðið við klettana er þýft og þar vex bæði lerki og greni. Klettarnir í kringum þýfið eru háir og brattir líkt og annars staðar í gilinu. Ekki sjást nein ummerki um stekk á svæðinu og óvíst af hverju það stafar. Líklega hefur hann horfið fyrir löngu síðan og ekki var tóft á svæðinu þegar örnefnaskráin var tekin saman. Líklega leynast þó minjar einhvers staðar undir sverði neðan við Sveinsstekksklett.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 17

SM-213:033 *Hestagötur* heimild leið A: 714715 N: 480243

Hestagötur 033 lágu á svipuðum stað og Eyjólfsstaðavegur liggur nú

"Hestagötur voru nokkurn veginn á sama stað og bílvegurinn nú upp á Vondásþrep og Vondás. Þar voru þær mjög slæmar og þótt stundum væri fleygt torfi á milli verstu klappanna vildi þar renna úr í rigningum jafnharðan. ... Frá Vondásbrún liggur vegurinn inn yfir Miðásmýri, Miðásmel og gegnum Miðássund. Miðásstekkur er niðri við á utan við Miðásinn, þar sést tóft [034]," segir í örnefnaskrá. Hestagötur sjást ekki lengur enda hefur Eyjólfstaðavegur 9669 verið lagður á svipuðum stað og gatan lá, en hún lá upp klettana inn Fossdalinn og að bæ 001.

Mikið er af klöppum og klapparásum á svæðinu sem leiðin lá um og því augljóst að hún hefur verið erfið yfirferðar áður en vegurinn var lagður og sprengd fram leið í gegnum klettana. Nú liggur malarvegurinn inn dalinn á

svipuðum slóðum og göturnar lágu. Ekki sjást nein ummerki um Hestagöturnar á svæðinu.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 17

SM-213:034 *Miðásstekkur* tóft stekkur A: 714501 N: 480122

Miðásstekkur 034, horft til NNV

"Hestagötur voru nokkurn veginn á sama stað og bílvegurinn nú upp á Vondásþrep og Vondás. Þar voru þær mjög slæmar og þótt stundum væri fleygt torfi á milli verstu klappanna vildi þar renna úr í rigningum jafnharðan. ... Frá Vondásbrún liggur vegurinn inn yfir Miðásmýri, Miðásmel og gegnum Miðássund. Miðásstekkur er niðri við á utan við Miðásinn, þar sést tóft," segir í örnefnaskrá. Tóftin er rúmum 490 metrum suðaustan við bæ 001 og Miðásgljúfrið er rúmum 50 metrum sunnan við tóftina. Hún er neðan við Klettana í Miðásnum, á þýfðum gras- og lyngbala.

Mikið hefur verið plantað af trjám í þýfið við tóftina og er hún orðin nokkuð ólöguleg vegna þess og gamals uppgróins rofs sem er á svæðinu. Mikið af birkitrjám eru í veggjum hennar og innan hennar og einnig hefur einu litlu grenitré verið plantað þar. Svæðið hefur áður fyrr verið rofið og hefur líklega verið gróðurvana að einhverju leyti en hefur gróið aftur. Norðvestan við tóftina sést stór dæld sem hefur myndast vegna uppblásturs eða annarskonar rofs.

Tóftin er 9,5x6 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eins og áður var sagt er tóftin orðin mjög ólöguleg en virðist þó skiptast upp í tvö hólf. Hólf I er suðvestast í tóftinni og er 3x2 metrar að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og op er á suðausturhlið. Hólf II er norðaustan við hólf I og er 4x3 m að innanmáli. Það snýr einnig norðvestur-suðaustur og op á suðausturhlið. Ekkert op er á milli hólfa. Tóftin er torfhlaðin og ekki sést neins staðar í grjót í henni. Hæð veggja er 0.2- 0.7 m og breidd þeirra er 1-1,5 m. Veggir eru lægri



Uppmæling af stekkjartóftinni

í hólfI I. Tóftin er hlaupin í þúfur og óljós, líklega vegna gamla rofsins sem er á svæðinu. Hún er mjög illa farin, sérstaklega hólf I, vegna rofsins sem hefur að líkindum raskað henni talsvert. Hún er þó ekki í neinni hættu eins og er af rofinu þar sem það er ekki virkt lengur og hefur allt gróið aftur. Tóftin er hins vegar í stórhættu vegna trjáræktar enda hefur trjám verið plantað í veggi hennar sem og innan hennar.

Uppi á Miðásnum er nokkrar einfaldar hleðslur sem hlaðnar voru undir girðingu. Samkvæmt Höllu Eyþórsdóttur, heimildamanni, voru þessar hleðslur byggðar um 1975 af Eyþóri föður hennar og voru þær því ekki teknar með í fornleifaskrána.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 17

SM-213:038 garðlag vörslugarður A: 714190 N: 480320

Vörslugarður 038, horft til norðurs

"Rétt utan við hesthústóftina [byggð 1940] var innra og neðra horn Nátthagans [019]. Þaðan var grjótgarður upp í Klöppina og hlaðið í hana og Ásinn þar sem það er ekki fjárheld fyrir," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðið garðlag er um 130 m SSA við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við nátthaga 019. Garðlagið liggur fast sunnan við Ásinn, á mörkum gróðurlausar klappar og ræktað túns.

Garðlagið sést á um 24 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Það er veigalítið, 0.2-0.3 m á hæð og 1.2 m á breidd. Garðlagið er grjóthlaðið og úr stæðilegu grjóti í bland við smágrýti. Aðeins er um eitt umfar að ræða og líklega hefur verið girt ofan á garðinn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18



Uppmæling af vörslugarði 038

SM-213:039 garðlag vörslugarður A: 714257 N: 480376



Vörslugarður 039, horft til norðvesturs á ljósmynd

"Einnig var garður neðan við Nátthagann [017] og upp í Ás þar sem kletturinn beygir skammt innan við réttina sem notuð hefur verið fram undir þetta. Sú rétt var hlaðin að hluta úr grjótinu sem var umhverfis Nátthagann." segir í örnefnaskrá. Stakt garðlagsbrot er fast sunnan við Ásinn, um 150 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 10 m NNA við tóft 085. Garðlagið liggur í grasmikilli brekku sem hallar til suðurs, í átt að sléttuðu túni.

Garðlagið kemur í ljós fast sunnan við Ásinn og liggur NNV-SSV. Það er grjóthlaðið úr stæðilegu grjóti ásamt smágrýti og er hægt að telja 1 umfar. Mögulega hefur verið girt ofan á garðinn. Það er 8 m á lengd og 0.8-1 m á breidd. Það er hæst til norðurs, 0.4 m, en lækkar því sunnar sem dregið er. Líklega er garðlagið framhald af vörslugarði 038.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18

SM-213:040 gata samgöngubót A: 714138 N: 480383

Gata 040B sést annarsvegar sem hryggur í túninu (vinstri mynd, horft til austurs) og hinsvegar sem gata utan við túnið (hægri mynd, horft til norðurs)

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata þvert í gegnum tún Fossárdals, annars vegar til VNV (040B) og hins vegar til suðausturs (040A). Gata vestan við bæ sjást ekki lengur en þar er núverandi heimreið að bænum. Í túninu suðaustan við bæ sést ennþá móta fyrir hrygg eða litabreytingu í túninu þar sem hann lágu. Ennþá sést gata utan og austan við túnið og liggur hann niður að núverandi þjóðvegi inn Fossárdalinn. Túnið hefur verið sléttað og skurður grafinn í gegnum veginn í austurjaðri túnsins. Þar hefur trjám einnig verið plantað sem mynda háan skjólgarð.

Ekki sjást nein ummerki um götu 040B, vestan við bæ 001 og hefur hún horfið í túnsléttun og undir heimreið og bílaplan. Hins vegar sést hluti 040A bæði sem hryggur í túninu og gata utan við túnið. Svæðið sem gatan sést á er alls 124 metrar að lengd. Hryggurinn í túninu liggur norðaustur-suðaustur á 40 metra löngum kafla. Hann er um 0,1 metri á hæð og aðallega sjást litabreytingar í grasinu í túninu. Utan túnsins liggur gatan norður - suður á 68 metra löngum kafla og sameinast á endanum Eyjólfsstaðavegi (9669). Vegurinn er 2-2.5 m á breidd. Hafliði Sævarsson, heimildarmaður, man ekki eftir upphlöðnum tröðum á svæðinu heldur aðeins götu.



Uppmæling af götu 040B

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:041 *Áfangastaður* örnefni áfangastaður A: 715027 N: 480445

Örnefnið Áfangastaður á við svæðið sem sést hér á mynd, horft til norðvesturs

Í örnefnaskrá Fossárdalsjarða segir: "Neðst í Lóninu eru hólmar sem nefnast einu nafni Eyrar, stærstir eru Langihólmi og Áfangastaðseyri. Innan við Lónið er Áfangastaðir (oft sagt Aðfangastaður)." Að sögn Hafliða Sævarssonar, heimildarmanns, á þetta örnefni við svæðið vestan við ristarhliðið áður en keyrt er upp á ásana. Neðan við neðstu klettana, á jafnsléttu er lítill grasbali sem hefur verið tilvalinn til hvíldar fyrir þreytta ferðamenn áður en haldið var upp Hestagötur 033 á leið til bæjar 001, enda voru þær sérlega erfið uppgönguleið.

Balinn er grasi og mosa vaxinn og háir klettar rísa vestan við hann. Fallegt útsýni er frá honum út Berufjörðinn. Engin mannvirki eru á svæðinu eða ummerki um áfangastaðinn.

Hættumat: Enginn hætta
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 13

SM-213:042 *Gamlarétt* örnefni rétt A: 714202 N: 480344

Örnefnið Gamlarétt 042 á við grasi gróið sund, horft til suðurs

"Á milli Klappar og Áss er dálítið sund, þar var áður rétt, nú er sundið nefnt Gamlarétt," segir í örnefnaskrá. Gamlarétt er um 120 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 15 m norðan við garðlag 038. Ekki er útilokað að sundið hafi dregið nafn sitt af rétt 018 af því hve nálægt sundið er þeirri rétt. Frekari heimildir þarf hins vegar til þess að staðfesta það; vegna þess fær Gamlarétt sér fornleifanúmer.

Sundið er grasi gróið milli tveggja gróðurlausra hraunkletta, þó sér í mosa hér og þar í klettunum. Til suðurs er ræktað tún en óræktað svæði til norðurs. Engin ummerki um rétt sjást á yfirborði. Aðeins sést í grasgróna steina hér og þar og líklega lítils að vænta undir sverði. Ekki er vitað um réttina annað en örnefnið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18

SM-213:044 gata leið A: 714236 N: 480545

Gata 044, horft til suðurs

"Frá réttinni [042] liggur Ásrák utan í Ásnum og nær austur að Kvíakrók [043]. Þar er hestfær leið upp á Ásinn og sömuleiðis úr Kvíakrók áfram austur með ásnum eftir Folaldahlíð en utan við hana er Folaldaklettur [...]. Einnig er hestfært upp á Ásinn skammt ofan við réttina og heitir þar Króarsund," segir í örnefnaskrá. Götur eru rúmum 120 m ANA við bæ 001 og rúmum 25 m norðvestan við hjall 047. Við göturnar er varða 083. Líklega hefur gatan legið frá bæ 001 upp á fjallið. Göturnar liggja um mosagróinn klettarana, á vissum stöðum stendur hraun upp úr mosanum.

Götunar eru greinilegar á 140 m löngum kafla og liggja norðvestur-suðaustur. Þær eru 0.2-0.5 m breiðar og sjást sem 1-2 mosavaxnar götur. Þær eru 0.2 m djúpar með mosa- og grasgróinn botn. Götunar fjara smátt og smátt út til beggja enda.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18

SM-213:045 dæld brunnur A: 714146 N: 480327

Dæld 045, horft til VNV

Samkvæmt Hafliða Sævarssyni, heimildarmanni, var brunnur fyrir fjárhúsin, um 100 m SSA við bæ 001 og rúmum 45 m austan við garðlag 038. Brunnurinn er í óræktuðu og grasgefnu svæði, í brekkurótum milli heimatúns jarðarinnar og Ássins, mosagróins klettarana.

Brunnurinn er 1x1 m að innanmáli og og sést sem 0.4 m djúp dæld. Brunnurinn virðist aðeins vera niðurgrafinn og engar grjóthleðslur eru í honum. Dældin var full að vatni þegar skrásetjari var á vettvangi á vordögum 2018.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 18

SM-213:046 hleðsla óþekkt A: 714637 N: 480062

Hleðsla 046 í skútanum við Vondásfoss, horft til norðurs (vinstri mynd). Aðgengið að skútanum er erfitt (hægri mynd).

Samkvæmt Hafliða Sævarssyni, heimildamanni, er hleðsla í skúta nokkrum við Vondásfossinn. Sagan sem fylgir hleðslunni í skútanum segir að strákur nokkur sem var í sveit á svæðinu hafi hlaðið fyrir skútann fyrir um 100 árum síðan. Hafi skútinn verið ætlaður sem felustaður hans ef að Tyrkirnir myndu koma og ætla að nema fólkið á brott. Skútinn er 640 metrum suðvestan við bæ 001 og tæpum 140 metrum suðaustan við Miðásstekk 034, alveg við Vondárfoss á svæði sem er mjög erfitt yfirferðar. Ómögulegt er að komast að skútanum vestan frá en hægt er að klífa 3-4 m háan klett sem nær alveg út í ána, austan við skútann til að komast þar yfir. Af öryggisástæðum var skútinn skráður hinum megin við ána.

Skútinn er niður við ána á nánast gróðurlausu svæði. Háir klettar eru beggja vegna við hann og áin er frekar djúp svo ekki er hægt að vaða hana. Hleðslan er hlaðin nánast fyrir allt opið á skútanum og áætluð vera um 3-4 m löng, 0.5 m á breidd og 0.5-0.7 m á hæð. Mælingarnar eru þó ekki nákvæmar þar sem hleðslan var skráð frá suðurbakka árinnar. Hleðslan snýr u.þ.b vestur-austur, er grjóthlaðin og sjást 3-4 umför af grjóti í henni. Hleðslan virðist vera einföld á breiddina. Lítið op eða inngangur er við vesturenda hleðslunnar þar sem hægt er að skríða inn í hellisskútann. Skútinn virðist ekki vera mjög stór af myndum að dæma og gæti innanmál hans verið um 1.5x4,5 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SM-213:047 tóft hjallur A: 714251 N: 480412



Hjallur 047 og grjóthrúgan frá símastaurnum í baksýn, horft til VSV á ljósmynd

"Kró segir G.M hafa verið "grjótbyrgi á Ásnum beint út af bænum haft fyrr á árum til að herða í fisk. Nú munu vera 80-90 ár síðan þessi litli þurrkhjallur var lagður niður, og nærri allir steinarnir teknir til að hlaða upp að símastaur sem var reistur þar rétt hjá 1953," segir í örnefnaskrá. Tóft er rúmum 130 m austan við bæ 001 og um 40 m norðan við kvíar 017. Á þessu svæði er vel gróið moslendi en yfirborðið er þó talsvert grýtt og undirlag misjafn, t.d. möl, sandur, og móberg.

Tóftin er ferhyrnd og einföld, 6x5 m að stærð. Op er greinanlegt á vesturhlið, og norðvesturhliðin er hlaðin upp við stórt bjarg. Tóftin er grjóthlaðin úr stæðilegu grjóti í bland við smágrýti; aðeins neðsta umfarið sést. Stæðilegustu steinarnir eru í vesturhluta tóftarinnar en því austar sem farið er því meira verður smágrýti í hleðslum áberandi. Veggjahæð er mest 0.2 m á norðurhlið og eru veggir 1.5-1.8 m breiðir. Eins og segir í örnefnaskránni var grjót tekið úr hjallinum til þess að hlaða upp að símastaur og er því lítið eftir af tóftinni. Um 6 m sunnan við hjallinn er áberandi grjóthrúga úr samskonar grjóti og hjallurinn er hlaðinn úr og hefur símastaurinn áðurnefndur líklega staðið í henni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18

SM-213:048 heimild myllu A: 713832 N: 480601

Myllulækurinn sem mylla 048 stóð við, horft til suðurs

"Vegurinn frá Eyjólfsstöðum inn að Fossárdalsbýlinu nýja liggur inn yfir Mel, eftir brún Melanna, yfir Djúpagil í þeim, niður í Myllubotn, upp á Mylluás, inn úr Andadal, upp á Vörðumel og Vörður [049]," segir í örnefnaskrá. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: "Myllutótt við Myllulæk, tók af í vatnavöxtum '68 [...]." Myllan var um 330 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 12 m norðan við Eyjólfstaðaveg 9669.

Myllan var í grasríku mólendi við rætur Fossárfells sem vaxið er ýmiss konar kjarrgróðri. Myllulækur er grýttur og vatnslítill lækur. Engin ummerki um myllu sjást á yfirborði. Eins og segir að ofan tók mylluna af í vatnavöxtum árið 1968 og virðast öll ummerki um hana hafa horfið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 18-19; SJM III, 407

SM-213:066 *Sauðhúsmýri* örnefni fjárhús A: 713594 N: 480470

Í örefnaskrá Fossárdalsjarða segir um Sauðhúsmýri: "Í Vilchinsmáldaga 1397 segir: "Maríukirkja á Berunesi sagði Hallur Mársson eftir sögu Þorsteins Runólfssonar að ætti skaga fram að læk þeim er ofan fellur í Reynibug í kíl þann er fellur út í ána og þar næst stendur varða [067] hjá hylnum fyrir sunnan götuna [068]. Fyrir sunnan Sauðhúsmýri ræður hraun það er gengur suður í ána [...]." Hér er verið að skrá örnefnið Sauðhúsmýri, sem bendir til þess að þar hafi verið fjárhús. Sauðhúsmýri er tæpum 400 m norðvestan við bæ 001 og um 65 m vestan við myllu 048.

Á þessum slóðum skiptast á mosagróin svæði og moldarflög. Jarðvegur er hálfblautur en þornar því fjær sem dregið er. Gengið var um svæðið og leitað á loftmyndum en engin ummerki um fjárhús fundust á yfirborði. Ólíklegt er að fjárhús hafi verið reist í mýri, eins og örnefnið bendir til, og sennilega hefur sjálft fjárhúsið staðið norðan við mýrina. Hefur mýrin síðan dregið nafn sitt af því fjárhúsi. Frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 31

SM-213:067 heimild samgöngubót A: 713591 N: 480460

Í örnefnaskrá Fossárdalsjarða segir: "Í Vilchinsmáldaga 1397 segir: "Maríukirkja á Berunesi sagði Hallur Másson eftir sögu Þorsteins Runólfssonar að ætti skaga fram að læk þeim er ofan fellur í Reynibug í kíl þann er fellur út í ána og þar næst stendur varða hjá hylnum fyrir sunnan götuna [068].

Fyrir sunnan Sauðhúsmýri [066] ræður hraun það er gengur suður í ána [...]". Varðan var 460 m vestan við bæ 001 og rúmum 65 m austan við hleðslu 090.

Varðan var ofarlega á gróðursnauðum hrauni. Til norðurs er nýlegt útihús. Svæðið var gengið en engin ummerki um vörðu fundust á vettvangi og sennilega hefur hún hrunið með tíð og tíma eftir að hætt var að halda henni við.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 31

SM-213:068 heimild leið A: 713568 N: 480458

Í örnefnaskrá Fossárdalsjarða segir: "Í Vilchinsmáldaga 1397 segir: "Maríukirkja á Berunesi sagði Hallur Másson eftir sögu Þorsteins Runólfssonar að ætti skaga fram að læk þeim er ofan fellur í Reynibug í kíl þann er fellur út í ána og þar næst stendur varða [067] hjá hylnum fyrir sunnan götuna. Fyrir sunnan Sauðhúsmýri [66] ræður hraun það er gengur suður í ána [...]." Leiðin er um 500 m VNV við bæ 001 og rúmum 110 m sunnan við Sauðhúsmýri 066. Til norður og suðurs eru berir hraunklettar en til austurs og vesturs er mjó gróðursæl ræma þar sem núverandi Eyjólfstaðavegur 9669 liggur í gegnum.

Svæðið var gengið en engin ummerki um gamla leið fundust á vettvangi. Ekki er óhugsandi að leiðin hafi legið á svipuðum slóðum og núverandi Eyjólfsstaðavegur 9669 liggur, enda lítið um landspláss á þessum slóðum þar sem á skiptast berir hraunklettar og litlir gróðurblettir. Frekari heimildir þarf þó til þess að staðfesta það.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 31

SM-213:070 garðlag túngarður A: 714150 N: 480373



Túngarður 070, horft til norðausturs á ljósmynd

"Garður um tún á Ey[jólfstaða], horfinn," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Veigalítið garðlag er um 50 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við brunn 049. Þótt garðurinn sé aðeins varðveittur meðfram suðaustur jaðri túnsins hefur sennilega verið garðlag umhverfis allt heimatún jarðarinnar, enda engin augljós náttúruleg afmörkun kringum það. Fast austan og norðan við garðlagið er lítill trjálundur. Garðurinn hefur afmarkað tún sem liggur í litlum halla, á milli róta Fossárfells til norðurs og grýtts svæðis til suðurs þar sem Eyjólfsstaðavegur 9669 liggur nú.

Með góðum vilja má greina torfhlaðið garðlag sem liggur NNA-SSA á 60 m löngum kafla. Garðurinn er útflattur og er 0.2 m þar sem hann er hæstur og 1.5 m þar sem hann er breiðastur. Túnið hefur verið sléttað og trjám plantað austan við garðlagið sem mynda hátt skjólbelti.

Hættumat: Stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: SJM III, 407; Túnakort 1919

SM-213:071 *Nykurhylur* þjóðsaga A: 714949 N: 480133

Nykurhylur 071, horft til ASA

Í örnefnaskrá Fossárdalsjarða segir um Nykurhyl: "Neðan undir Klifunum er N[y]kurhylur og skammt ofan við hann Nykurhylsfoss, en Nykurhylsgljúfur á milli. Sagt er að áður fyrr hafi nykur verið í Nykurhyl. Upptök hans voru þau að heima á Fossárdal var farið inn í mat frá hálfflegnu nauti. Á meðan slapp boli í ána og settist að í hylnum. Ekki er þess getið að hann hafið valdið tjóni, þótt hann léti stundum ófriðlega og skyti ferðamönnum skelk í bringu. Endalok nykursins urðu svo þau að einhverju sinni er barn var skírt á Fossárdal og skírnarvatni hellt í ána en það þoldi nykurinn ekki. Hann heyrðist einu sinni baula út á Breiðu en hefur ekki heyrst né sést síðan." Nykurhylur er hylur í Fossá sem myndast neðan við Nykurhylsfoss, en svo rennur áin til norðurs út í Berufjörðinn. Hylurinn er rúmum 880 metrum suðaustan við bæ 001 og tæpum 440 m austan við Miðásstekk 034.

Hylurinn sést vel þar sem staðið er uppi á klettunum ofan við fossinn. Miklir og háir klettar eru allt í kring og þjóðvegurinn liggur inn Fossárdalinn rétt norðan við hylinn. Hylurinn sést ágætlega og þar var og er ennþá veiddur silungur á net eða stöng.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 12-13

SM-213:072 hleðsla kálgarður A: 714107 N: 480431

Kálgarður 072, horft til norðvesturs

Hleðsla er á bæjarhól Eyjólfsstaða í Fossárdal 001, 6 metrum norðan við íbúðarhús sem nú er nýtt sem gistiheimili. Hleðslan hefur líklega tilheyrt kálgarði sem hefur verið hlaðinn eftir að túnakortið var teiknað upp árið 1919 en enginn kálgarður er merktur á inn á það norðan við bæ. Samkvæmt ströngustu reglum myndi kálgarðshleðslan ekki teljast sem fornleif þar sem hún var byggð eftir 1919 en þar sem stutt er í að hún gæti talist sem fornleif, eða eitt ár, var ákveðið að leifa henni að fylgja með í fornleifaskránni.

Bæjarhólinn er grasi vaxinn norðan við íbúðarhúsið og trjám hefur verið plantað nokkrum metrum vestan við kálgarðshleðsluna. Hleðslan sem er eftir af kálgarðinum er hlaðin úr torfi og grjóti og er 11 metrar á lengd. Hún snýr vestur-austur en beygir bæði á austur og vesturenda lítillega til suðurs á 1m löngum kafla. Hleðslan er 1,2 m á breidd og 0.3-0.5 m á hæð. Á suðurhlið hennar sjást 2-3 umför af grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:HS: Múlaþing V, 186

SM-213:075 *Klöppin* heimild leikvöll A: 714162 N: 480293

Leikvöllurinn Klöppin 075, horft til VSV

"Neðsti hluti af Ásnum er alltaf kallaður Klöppin og hefur alltaf verið uppáhaldsstaður barna, og sjást mörg merki eftir þess háttar búskap," segir í örnefnaskrá. Leikvöllurinn er a.m.k. frá fyrri hluta 20. aldar og er tæpum 140 m SSA við bæ 001 og um 60 m suðvestan við garðlag 038. Leikvöllurinn sést vel frá bæ 001.

Á þessu svæði skiptast á berir hraunklettar og mosa- og grasaþembur. Til suðurs er ræktað tún. Engin merki sjást nú (2018) um að á þessum stað hafi leikvöllur barna verið eins og segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 9

SM-213:077 frásögn þvottastaður A: 714026 N: 480436

Þvottastaður 077, horft til suðurs

Að sögn Hafliða Sævarssonar, heimildarmanns, var þvottastaður rúmum 85 m vestan við bæ 001 og tæpum 20 m suðvestan við Eyjólfstaðaveg 9669. Þvottastaðurinn er þar sem Bæjarlækurinn rennur út í bungu frá Fossá sem liggur upp að heimatúninu. Svæðið er talsvert grýtt og við árbakka Fossár eru áberandi stórir hnullungar.

Hættumat: engin hætta

SM-213:079 gata leið A: 714501 N: 480107

Gata 079, horft til suðvesturs

Gata liggur niður Miðásinn í Miðásgljúfrið að Miðásstekk 034, sem er tæpum 500 m suðaustan við bæ 001. Hún liggur niður klettana á Miðásnum og niður í þýft mólendi og skógræktarsvæði.

Gatan sést sem mjór stígur niður klettana og liggur vestur-austur á 30 m löngum kafla. Hún er gróin og um 0.3 m á breidd. Mikið er af stígum nokkru austar en þessi gata var skráð sem leið þar sem hún virðist liggja frá Eyjólfsstöðum að stekknum og gæti því hafa verið leiðin sem farin var á milli bæjar og Miðásstekkjar. Þar sem um er að ræða deiliskráningu og áætlaðar eru framkvæmdir innan reitsins fékk þessi leið að njóta vafans.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SM-213:080 gata leið A: 713926 N: 480107

Gata 080, horft til vesturs

Leið liggur frá Eiríksstöðum SM-214 til vesturs inn Fossárdal meðfram Fossá. Fjórar vörður eru á leiðinni (081a-d), þó allar á svipuðum stað. Leiðin er 190 m norðvestan við Eiríksstaði SM-214 og 360 m sunnan við bæ 001 Fossárdal/Eyjólfsstaði. Ekkert er getið um þessa leið í heimildum og óvíst hvert hún lá.

Leiðin liggur yfir smáþýft mólendi sem er vaxið grasi, mosa og lyngi. Hún liggur meðfram háu klettabjargi utan við Eiríksstaðatúnið. Leiðin er gróin og sést sem 0.3 breiður stígur en greinist á stöku stað í 2-3 slíkar götur. Hún liggur nokkurn veginn austur-vestur frá Eiríksstöðum en beygir lítillega til suðvesturs, upp klettana. Hægt var að rekja leiðina á 190 m löngum kafla en hún kann að sjást víðar í Fossárdal. Fjórar vörður eru á leiðinni þar sem hún liggur yfir læk 300 m vestan við Eiríksstaði, þrjár austan við Miðmundaá og ein vestan við hana, an allar þó á svipuðum stað. Líklega liggur leiðin vestur að Engjafitum en þar voru beitarhús frá Eyjólfsstöðum og gott ræktunarsvæði.

Hættumat: engin hætta

SM-213:081 varða samgöngubót A: 713902 N: 480103

Varða 081A, horft til austurs (vinstri mynd) og varða 081B, horft til norðurs (hægri mynd)

Fjórar grjóthlaðnar vörður eru um 370 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 300 m norðvestan við bæjarhól Eiríksstaða 214:001. Vörðurnar eru við leið 080 og eru samgöngubót sé tekið mið af

staðsetningu þeirra. Þær eru á fremur grýttu svæði fast norðan við hraunklett. Þó sést í mosa í skjóli og verður jarðvegur gróðursælli því norðar og sunnar sem farið er. Fyrir miðju minjasvæðinu rennur Miðmundaá niður til norðausturs þar sem hún endar í Fossá.

Vörðurnar eru á svæði innan svæðis sem er 30x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hér neðar fá þær bókstafi til aðgreiningar og hefst lýsingin vestast, á vörðu A. Varða A: Varðan er 1x1 m að grunnfleti. Hún er hrunin að mestu og er 0.5 m á hæð. Varðan er hlaðin úr stæðilegu grjóti og sjást 2 umför í hleðslum. Varða B: Varðan er um 15 m austan við vörðu A. Hún er 1.5x1.5 m að grunnfleti, hlaðin úr stæðilegu grjóti og 0.4 m á hæð. Hún nánast alveg hrunin. Varða C: Varðan er rúmum 6 m norðvestan við vörðu B. Hún er 0.5x0.5 m að grunnfleti og 0.2 m á hæð. Hún er lítið annað en grjóthrúga

Varða 081C, horft til VNV (vinstri mynd) og varða 81D, horft tl norðurs (hægri mynd)

og sjást engar hleðslur í henni. Varða D: Varðan er 8 m norðvestan við vörðu C. Hún er 1x1 m að grunnfleti og 0.3 m á hæð. Hún er hlaðin úr stæðilegu grjóti, en mikið hrunin.

Hættumat: engin hætta

SM-213:083 varða samgöngubót A: 714334 N: 480546

Varða 083, horft til vesturs

Grjóthlaðin varða er uppi á ás nokkrum, um 260 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 15 m norðaustan við leið 044. Hugsanlega hefur hún varðað þá leið. Varðan er á stórri gróðurlausri klöpp ef frá er talið svæði fast vestan við vörðuna, þar er mosi ríkjandi gróðurfar.

Varðan er 1x1 m að stærð og 0.4 m á hæð. Hún er hlaðin úr flötum grjóthellum í bland við smærri steina og má telja má 2-3 umför. Varðan er talsvert aflöguð og margir steinar hafa hrunið úr henni.

Hættumat: engin hætta

SM-213:084 *Gjót* gata leið A: 715038 N: 480104

Uppgangan í Gjót 084, horft til vesturs

"Í Suður-Klifum eru tveir allmiklir lækir, Göngugjótarlækur fellur í Vondaáshyl úr Göngugjót [021] og Hestagjótslækur fellur í Nykurhyl úr Hestagjót [020]. Stundum voru teymdir lausir helstar upp klungrið í Göngugjót en annars var farið með stórgripi upp Hestagjót en þar er talsverður krókur. Sunnan við Nykurhyl [071] er Neðsti-Melur og skiptast áður nefndar leiðir uppi á honum, enda aldrei talað um Hestagjót, nema niður að honum. Stundum var þó farið gangandi neðan við Neðsta-mel og þar upp með læknum og var þá kallað að fara upp Gjót," segir í örnefnaskrá. Leiðir 020, 021, 084 og 086 mynda saman eina minjaheild, leið með þremur mismunandi uppgönguleiðum, upp þrjú mismunandi gil. Gjót [084] liggur austast, Hestagjót [020] í miðjunni og Göngugjót [021] vestast. Allar þrjár uppgöngurnar sameinast uppi á klettunum í leið 086. Leiðin Gjót liggur upp suðurhlíð klettanna við Fossá. Hún sést vel á grasbalanum neðan við klettana og einnig þar sem hún liggur liggur upp klettana og sameinast leið 086. Gjót er tæpum 990 m suðaustan við bæ 001 og 130 m austan við Hestagjót 020.

Leiðin liggur víðast hvar í gegnum slitna gróðurþekju, nema neðst við lækinn þar sem leiðin hefst. Leiðin liggur upp klettana í krákustígum á 65 m löngum kafla og sameinast leið 086 þar uppi á klettunum. Hún sést sem gróinn einfaldur stígur og er um 0,3-0,4 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 13

SM-213:085 tóft útihús A: 714258 N: 480365

Tóft 085, horft til norðvesturs

Fast sunnan við Ásinn er tóft, hún er um 150 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 10 m sunnan við kvíar 017. Tóftin er milli mosagróins klettarana og ræktað túns og til austurs er nýlegt útihús.

Tóftin er einföld, 6x4.5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin úr flötu grágrýti í bland við hnefastórt grjót og hægt er að telja 4-5 umför í hleðslum. Veggir eru signir, 0.5-0.7 m á hæð, hæstir á austurhlið. Veggjabreidd er 1.3-1.9 m. Dyraop er á suðurausturhlið tóftarinnar. Tóftin er að öllum líkindum leifar af útihúsi. Gólf hennar er grasi vaxið og nánast slétt og ekki mótar fyrir garða, jötu eða hlöðu sem gæti gefið vísbendingar um nánara hlutverk hennar.

Hættumat: engin hætta

SM-213:086 gata leið A: 714850 N: 480415

Gata á leið 086, horft til austurs (vinstri mynd) og horft til suðurs (hægri mynd)



Kort af minjaheildinni sem sýnir hvar hver uppgönguleið liggur á leið 086. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

"Í Suður-Klifum eru tveir allmiklir lækir, Göngugjótarlækur fellur í Vondaáshyl úr Göngugjót [021] og Hestagjótslækur fellur í Nykurhyl [071] úr Hestagjót [020]. Stundum voru teymdir lausir hestar upp klungrið í Göngugjót en annars var farið með stórgripi upp Hestagjót en þar er talsverður krókur. Sunnan við Nykurhyl er Neðsti-Melur og skiptast áður nefndar leiðir uppi á honum, enda aldrei talað um Hestagjót, nema niður að honum. Stundum var þó farið gangandi neðan við Neðsta-mel og þar upp með læknum og var þá kallað að fara upp Gjót," segir í örnefnaskrá. Leiðir 020, 021, 084 og 086 mynda saman eina minjaheild, leið með þremur mismunandi uppgönguleiðum, upp þrjú mismunandi gil. Gjót [084] liggur austast, Hestagjót [020] í miðjunni og Göngugjót [021] vestast. Allar þrjár uppgöngurnar sameinast uppi á klettunum í leið 086. Leið 086 liggur sunnan við hinar þrjár alla leið að Eiríksstöðum.

Leiðin liggur oftast yfir gróin svæði ofan við klettana í árgili Fossár. Svæðið er vaxið grasi, mosa og lyngi og er víða nokkuð þýft á köflum. Stundum liggur leiðin um gróðurvana og grýtt land. Leiðin liggur nokkurn vegin norðaustur-suðvestur frá Eiríksstöðum SM-214 niður að Fossárgilinu, þar sem hún beygir nánast alveg til austurs og greinist þar í þrjár leiðir: Göngugjót 021, Hestagjót 020 og Gjót 084. Leiðinni var fylgt á um 690 m löngum kafla og sést hún víðast sem gróinn stígur en tvístrast þó oft í fleiri stíga. Gatan er um 0.3 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SM-213:087 varða óþekkt A: 714439 V: 479978

Varða 087, horft til ANA

Varða er um 600 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 40 m suðaustan við brú SM-214:009, sem er í landi Eiríksstaða. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en sennilega hefur hún varðað gamla leið, sem engin ummerki sjást lengur um en hefur legið að brú SM-214:009 sem liggur yfir Fossá.

Varðan er hlaðin ofarlega á klettarana. Mosi er umhverfis vörðina, en annars er svæðið gróðursnautt. Varðan er 1x1 m að stærð. Hún er grjóthlaðin og í henni eru um það bil fimm hnullunga og mikið af smágrýti en hún er nánast alveg hrunin og útflött, um 0.1-0.2 m á hæð. Engar skófir né mosi sjást á henni og gæti þetta því verið fremur ung varða en fær að njóta vafans og fær því fornleifanúmer.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SM-213:088 heimild kálgarður A: 714118 N: 480415

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðaustan við bæ 001, þar sem nú er sléttað tún og skjólgarður úr trjám. Svæðið hefur verið sléttað og suðurhluti bæjarhólsins ruddur út þegar íbúðarhúsið var byggt. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

SM-213:089 tóft smalakofi A: 714485 N: 480415



Smalakofi 089, horft til norðvesturs á ljósmynd

Lítil tóft er upp við austurhlið Miðássins, byggð upp við klettana. Hún er rúmum 470 metrum suðaustan við bæ 001 og 15 m norðvestan við Miðásstekk 034. Mikið skógræktarsvæði er austan við tóftina. Svæðið er lyngi og grasi vaxið og lítið birkitré vex í norðurvegg tóftarinnar.

Tóftin er torfhlaðin. Hún 2,5 x2,5 m að stærð og er ferhyrningslaga. Hún er einföld og er op á suðausturhlið hennar. Innanmál hennar er aðeins 1.5x0.6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðurveggurinn er grafinn að hluta inn í brekkuna við klettana. Veggir hennar er um 0.5-0.6 m á hæð og 1 m á breidd. Hugsanlega hefur þetta verið smalakofi eða skýli fyrir smalann sem sinnti ánum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SM213:090 hleðsla vörslugarður A: 713591 N: 480465



Vörslugarður 090, horft til suðurs á ljósmynd

Grjóthleðsla er um 520 m vestan við bæ 001 og tæpum 270 m suðvestan við myllu 048. Hleðslan er fast austan við hraunklett. Hún er á enda hraunkletts og fast austan hennar er gljúfur þar sem Fossá rennur.

Hleðslan er 3,5 m á lengd og 0,5 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0.7 m á hæð og hlaðin úr blöndu af smágrýti, stæðilegu grjóti og flötu grágrýti. Sjá má 4 umför í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

SM-214 Eiríksstaðir

Eiríksstaðir eru undir Bæjarfelli, mjög utarlega í sunnanverðum Fossárdal. Heimatún jarðarinnar er sunnan við Fossá og vestan við Miðásgljúfur. Hlíðarnar upp af bænum eru brattar og klettóttar en hjallar á klettunum er grasi- og mosavaxnir. Mikið er af giljaskorum í Bæjarfjalli ofan við bæinn. Eiríksstaðir byggðust fyrst upp árið 1819 þegar Eiríkur Eiríksson fluttist þangað og ræktaði túnblett á sendnum harðbala þar sunnan Fossár. Bærinn var oft einnig kallaður Suður-Fossárdalur og Suðurbær fram undir 1840. Á tímabili var þríbýlt á Eiríksstöðum og fimm bæjartóftir eru þekktar í túninu. Gamla túnið



Kortið sýnir útlínur túns samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 og staðsetningu fornleifa miðað við sama kort

kallaðist Halatún og er það syðra túnið á svæðinu. Vatn úr Fossá flæddi oft yfir stóran hluta þess í leysingum eða í stórrigningum. Eiríksstaðir fóru í eyði árið 1910 en jörðin er þó nýtt til beitar og túnin slegin.

Heimatún Eiríksstaða, horft í vestur frá Miðásnum

Fornleifaskrá

1847: 2 eða 3 hdr 1847, talin hjáleiga frá Berufirði [SM-215] og Berufjarðarkirkjueign. Urðarteigur [SM-212], Fossárdalur [SM-213], Eiríksstaðir [SM-214] og Kelduskógur [SM-217] voru eign kirkjunnar í Berufirði og hafa sennilega skipst úr upphaflegu heimalandi. Jörðin byggðist fyrst 1819, í eyði frá 1910 "Í dalnum hafa a.m.k. frá miðri 19. öld talist þrjár jarðir en þær eru Eiríksstaðir [SM-214], Eyjólfsstaðir [SM-213] og Víðines [SM-213b]. 1703 var aðeins eitt býli í dalnum Fossárdalur [SM-213] ... Ekki eru kunnar eldri heimildir um nafnið Eyjólfsstaði en frá 1866, þótt þeir séu trúlega heitnir eftir Eyjólfi Jónssyni sem þar bjó 1773-1791 og reisti býlið að öllum líkindum úr auðn. Áður hét býlið Fossárdalur og Austur-Fossárdalur eftir að byggðist á Eiríksstöðum 1819, en þeir nefndust þá ýmist Eiríksstaðir eða Suður-Fossárdalur lengi fram eftir 19. öldinni. Býlið Víðines var byggt upp úr beitarhúsum frá Eyjólfsstöðum um 1845. Árið 1910 fara Eiríksstaðir í eyði og Víðines 1944 og eru þá Eyjólfsstaðir einir í byggð í dalnum. Svo lengi sem 2 jarðir voru í byggð í dalnum heyrðust iðulega nöfnin Austurbær og Suðurbær um Eyjólfsstaðir og Eiríksstaði." Ö-Fossárdalsjarðir, 1.

Afbýli: Hali [SM-214:003], Bakki [SM-214:007] og tvö ónefnd býli [SM-214:004] og [SM-214:008], SJM III, 406.

Suðurbær 1919: Tún 1,53ha. "Á Fossárdal var engjaheyskapur langsóttur og erfiður nema helst frá Víðinesi. Á Múla og í Engi voru bestu slægjurnar þótt blautar væru. Þó voru slegnir harðvellir og laufbotnar út um öll fjall hvar sem ljádrægt var. Öllum helstu engjablettum var skipt á milli bæjanna ... Eiríksstaðir töldust eiga Efra-Engi, Langaflóa og Breiðaflóa og allar slægjur sunnan Fossár." Ö-Fossárdalsjarðir, 26

SM-214:001 *Eiríksstaðir* bæjarhóll bústaður A: 714192 N: 479981

Bæjarhóll Eiríksstaða 001, horft til ASA

Í örnefnaskrá segir um Eiríksstaði: "Á Suðurbæ (Eiríksstöðum) er vitað um 5 bæjartæftur [003, 004, 007, og 008] [...]. Á Heimatúni er Heimatóft. Þar mun aðalbýlið lengst af hafa verið og eru enn uppistandandi bæjargöng. Samkvæmt ritinu Sveitum og jörðum í Múlaþingi byggðist býlið fyrst árið 1819, þegar Eiríkur Eiríksson fluttist í Fossárdal, byggði bæ og ræktaði tún sunnan Fossár. Í sama riti segir einnig: "Hlaðnir kálgarðar á Ei[ríksstöðum]. og V. [Víðnes, SM-213b]." Hafliði Sævarsson heimildarmaður, kannaðist ekki við aðra kálgarða á svæðinu en þá sem voru við Eiríksstaði, Hala 003 og/eða Bakka 007. Sennilega eru það einu kálgarðarnir sem voru á jörðinni en ekki er útilokað að þeir hafi verið fleiri. Jörðin fór í eyði árið 1910 en tún jarðarinnar er enn (2018) nýtt til heyja. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru bæjarhúsin á Eiríksstöðum norðvestarlega í heimatúni. Þar sést enn greinilegur bæjarhóll fast NNV við Mosa kletta, um 240 m sunnan við Eyjólfsstaðaveg 9669, og er hóllinn vel greinanlegur í landslaginu. Í kringum hólinn er slétt tún nema til vesturs, þar er mosagróinn klettarani.



Uppmæling af bæjarhól Eiríksstaða og bæjartóft

Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er Eiríksstöðum lýst á þann hátt: "Clearly visible is the groundplan of a farm-house complex with a vegetable garden in front, showing seven lazy-beds, and three separate outbuildings to the north and north-east [sjá 002, 005 og 010]. The maximum dimentsion [sic] of the dwelling-house complex are about 18 x 13 m externally [...]. Bæjarhóll Eiríksstaða er lítið sem ekkert raskaður en búið er að slétta túnið umhverfis hann. Hann er 28x22m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Að hluta til hefur hóllinn myndast ofan á náttúrulegri hæð í landinu og saman eru hæðin og uppsafnaðar mannvistarleifar um 0.5 m á hæð. Hlíðar bæjarhólsins eru aflíðandi. Ekki var kjallari í húsinu og má því ætla að mannvistarleifar undir sverði séu óraskaðar.

Á hólnum sést greinileg bæjartóft Eiríksstaða og hafa stafnar bæjarins snúið til suðvesturs. Tóftin 21x19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torf og grjóthlaðin og sjást 2-5 umför af hleðslugrjóti í innanverðum veggjum hennar. Breidd veggja er 1,2-1,7 m og hæð veggja er 0,5-1 m. Tóftin skiptist upp í fimm hólf. Op er á tóftinni á norðausturhlið hennar, inn í hólf V (kálgarðinn) en einnig á suðausturhlið hólfs IV. Lýsing á hólfum tóftarinnar byrjar nyrst. Hólf I er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það 4,5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðurveggur hólfsins er hæstur, um 1 m á hæð. Á teikningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur er sýnt op á suðausturhlið hólfsins en það er nú vart sjáanlegt þar sem talsvert hefur hrunið úr veggnum. Ekki er unnt að telja umför í hleðslum því hólfið er á kafi í grasi. Hólf II er norðaustan við hólf I og er 6x2 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur og hæð veggja er 0,5-0,8 m. Op er á því til suðvesturs, inn í hólf III. Hólf III er sunnan við hólf II og suðvestan við hólf I. Það er 8x4 m að innanmáli og snýr eins og fyrri tvö hólfin norðaustur-suðvestur. Veggir eru með stæðilegum hleðslum, 4-5 umför og hæð þeirra er 0,9 m þar sem þeir eru hæstir. Op er inn í hólfið frá kálgarði V í suðaustur horni en einnig er innangengt úr því inn í hólf II, eins og áður var nefnt. Hólf IV er sunnan við hólf III. Það er 5,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, ólíkt öðrum hólfum í tóftinni. Hólf IV er utan á suðvesturhlið bæjartóftarinnar og ekki hefur verið innangengt á milli hinna þriggja hólfanna og hólfs IV. Op er út til suðausturs. Norðurveggur hólfsins er hæstur. Hólf V er kálgarður og er suðaustan við hólf III. Hann er 11x9 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hlaðinn úr stæðilegu grjóti í bland við smágrýti og sjást 2-3 umför. Beðin sjö sem Guðrún Sveinbjarnardóttir fjallar um í bók sinni eru ennþá greinanleg innan kálgarðsins.

Hólf I-III hafa líklega tilheyrt íveruhúsunum sjálfum en hólf IV hefur líklega verið utanáliggjandi skemma eða útihús. Kálgarðurinn hefur verið framan við bæjarhúsin.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Fossárdalsjarðir, 27-28; SJM III, 407-409; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 68

SM-214:002 tóft fjárhús A: 714159 N: 480024



Fjárhústóft 002, horft til norðurs á ljósmynd

Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt um 50 m NNV við bæ 001 og þar sést ennþá fjárhústóft. Hún er 30 m norðan við 010 og og rúmum 80 m NNV við tóft 018. Fjárhústóftin er á norðurhluta Eiríksstaðatúns, fast sunnan við lækjarsytru.

Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er tóftinni lýst á þann hátt: "The outbuildings consists of a sheep-house divided into two by a central feedingtrough, with a barn at the back. Externally it measures about 13,4 x 5,25 m." Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Breidd veggja er 1-2 m og mesta hæð þeirra er 1 m. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir úr stæðilegu grjóti í bland við smágrýti. Tóftin er á kafi í

grasi en sjást 2-6 umför af hleðslum. Op er á tóftinni á austurhlið og þaðan út sést renna. Rennan er 60 m löng, 0.2 m á breidd og 0.2 m djúp með gróna bakka. Hún liggur norðvestur-suðaustur og endar í lækjarsytru. Sennilega hefur vatni verið veitt í fjárhúsin eftir rennunni. Tóftin skiptist í tvö hólf; fjárhús og hlöðu. Til aðgreiningar fá hólfin tölustafi í þessari lýsingu, sem hefst austast á hólfi 1 (fjárhúsum). Það er 6x3 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Fyrir miðju hólfsins sést í grjóthlaðnar undirstöður garða sem, 4x0.8 m að stærð og 0.4 m á hæð. Ekki er hægt að telja umför vegna gróðurs. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 0.5 m djúp hlaða sem er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru hlaðnir úr smágrýti og torfi og eru 0.5-1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 68

SM-214:003 *Hali* bæjarhóll býli A: 714380 N: 479771

Bæjarhóll Hala 003, horft til norðurs

Í örnefnaskrá segir um býlið Hala: "Utan við ystu íbúðarhústæftur á Suðurbænum, þ.e. Halatóftina er Halalækur [...]. Á Suðurbæ (Eiríksstöðum) er vitað um 5 bæjartæftur [001, 004, 007 og 008]. Yst í Halatúni er Halatóft, þar var býlið Hali." Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: "Hlaðnir kálgarðar á Ei[ríksstöðum]. og V. [Víðnes, SM-213b]." Hafliði Sævarsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við aðra kálgarða á Eiríksstöðum en þá sem voru við bæ 001, Hala og/eða Bakka 007. Sennilega eru það einu kálgarðarnir sem voru á jörðinni en ekki er útilokað að þeir hafi verið fleiri. Í sama riti er einnig talað um bæinn Hæli. Hafliði kannaðist ekki við það bæjarnafn og taldi líklegt að það væri sami bær og Hali.

Hali er í suðaustur horni Eiríksstaðatúns, rúmum 280 m suðaustan við bæ 001 og 55 m NNA við fjárhús 006. Bæjarhóllinn er mjög áberandi í landslaginu og að mestu óraskaður, en búið er að slétta svæðið umhverfis hann. Hali er í suðausturhorni Eiríksstaðatúns, á mörkum ræktað túns og óræktað svæðis. Austan við túnið rennur Fossá í djúpu gljúfri.

Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er Hala lýst á þann hátt: "The remains [...] consist of a high standing rectangular enclosure made of turf and stones and measuring 14,5 x 5,3 m internally. To the NW are the remains of two buildings, built on to a hillock. Their total, external width is 9,6 m."

Bæjarhóll Hala er 30x15 m að stærð og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Eiginleg bæjarhólsmyndun er aðeins um 0.3 m á hæð. Á hólnum eru sýnileg tvískipt tóft með samtengdum kálgarði. Hún er 27x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru 0,2-0,8 m á hæð og breidd veggja er 1,5-1,7 m. Lýsing á tóftinni hefst syðst á hólf I, kálgarðinum. Hann er 13x8 m að innanmáli og snýr nánast austur-vestur. Op er á honum á suðurhlið. Hólf II er vestan við hólf I og sunnan við hólf III. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. 2 umför af hleðslum sjást í veggjum hólfsins. Hólfið er opið til suðurs og ekki sjást neinar hleðslur á þeirri hlið sem bendir til þess að þar hafi verið viðarþil. Hólf III er vestan við hólf I og norðan við hólf II. Það er 4,5x3,5 m að innanmáli og snýr u.þ.b. norður-suður. Hólfið er grjóthlaðið að innan en umför sjást ekki vegna gróðurs. Op er á norðurhlið hólfsins. Vestan við hólf II og III er lágur hóll, 12x7 m að stærð og samfastur hólfum tóftarinnar. Hann snýr norður-suður. Þar er ekki hægt að greina neina hólfaskiptingu en án efa er þetta hluti af bæjarhólnum og minjar leynast þar undir.



Uppmæling af bæjarhól Hala og tóft á honum

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 12, 27; Guðrún Sveinbjarnardóttir 1992, 69; SJM III, 407; SJM V, 186

SM-214:004 bæjarstæði býli A: 714264 N: 479864



Óþekkt bæjarstæði 004, horft til NNA

"Á Suðurbæ (Eiríksstöðum) er vitað um 5 bæjartæftur [001, 003, 007 og 008]. Yst í Halatúni er Halatóft, þar var býlið Hali [003]. Innar á því er einnig greinileg bæjartóft fáa metra frá Mósa kletti [Hafliði Sævarssin kallar klettinn Mosaklett] sem er ofan við túnið," segir í örnefnaskrá. Bæjarstæðið er í miðju Eiríksstaðatúni, um 130 m SSA við bæ 001 og rúmum 50 m vestan við hesthús 005. Býlið var í sléttu

og grasivöxnu túni, fast vestan við Mosakletta.

Á loftmynd á Bing sést í nálega ferhyrnda tóft þar sem býlið var. Þegar skrásetjari gekk yfir svæðið á vordögum 2018 var búið er að sléttað yfir minjarnar. Þó sést þarna greinileg 0.5 m á upphækkun á 14x14 m stóru svæði og mjög líklegt að þar leynist mannvist undir sverði. Ekki sér til veggjabrota og ekki mótar fyrir innanmáli hólfa á upphækkuninni sem fjarar aflíðandi út til allra átta.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 27; Bing loftmyndagrunnur

SM-214:005 heimild hesthús A: 714316 N: 479849

Hesthús 005 stóð yst í Halatúni, horft til norðausturs

"Á Suðurbæ (Eiríksstöðum) er vitað um 5 bæjartæftur [001, 003, 004, 007 og 008]. Yst í Halatúni er Halatóft, þar var býlið Hali [003]. Innar á því er einnig greinileg bæjartóft [004] fáa metra frá Mósa kletti [Mosakletti] sem er ofan við túnið. Hesthústóft er á barðbrún skammt innan við Halatóftina [...]," segir í örnefnaskrá. Hesthúsið var tæpum 180 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m norðvestan við Hala 003. Á þessum slóðum er slétt tún og austan við það rennur Fossá niður Fossárdalinn.

Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er hesthúsinu lýst þannig: " The third outbuilding possibly housed horses. It measures about 9 x 7 m externally and is perhaps divided into two rooms, although this is unclear." Frá því að Guðrún Sveinbjarnardóttir skráði minjar á jörðinni er búið að slétta túnið og sjást engin ummerki um hesthús á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 27; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 68

SM-214:006 tóft fjárhús A: 714360 N: 479721



Fjárhús 006, horft til suðvesturs á ljósmynd

"Á Suðurbæ (Eiríksstöðum) er vitað um 5 bæjartæftur [001, 003, 004, 007 og 008]. Yst í Halatúni er Halatóft, þar var býlið Hali [003]. Innar á því er einnig greinileg bæjartóft [004] fáa metra frá Mósa kletti [Mosakletti] sem er ofan við túnið. Hesthústóft [005] er á barðbrún skammt innan við Halatóftina en utan við lækinn eru ónefndar fjárhústæftur," segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin er um 315 m SSA við bæ 001 og rúmum 55 m sunnan við Hala 003. Fjárhústóftin er við fjallsrætur Bæjarfjalls. Þar er vel gróið graslendi og mikill mosi er í grassverði. Neðarlega í fjallshlíðinni, sunnan við tóftina, eru áberandi, stór björg.

Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Suðurendi hennar er grafin um 0.6 m inn í hól. Tóftin er grjóthlaðin og sjást 5-8 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Veggir standa grónir, hæstur er suðurveggurinn, 1,4 m á hæð. Breidd veggja er 1-2 m. Tóftin er opin út til NNA og myndast smávegis gangur út úr tóftinni sem er um 4 m langur og 1 m breiður. Tóftin er tvískipt og skiptist upp í fjárhús og hlöðu. Til aðgreiningar fá hólfin númer í þessari lýsingu sem hefst að norðan á hólfi 1 (fjárhúsum). Hólfið er 8x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Í miðju hólfinu eru grjóthlaðnar undirstöður garða sem er 4x1 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hægt er að telja 1-2 umför af stæðilegu grjóti í bland við smágrýti í hleðslum. Hólf 2 er hlaða og er sunnan við hólf 1, fjárhús. Hlaðan er 3x1,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggir eru grjóthlaðnir en vegna gróðurs sést ekki í umför. Mesta veggjahæð er 0,5 m. Ekki sést neitt greinilegt op á milli fjárhússins og hlöðunnar.

Hættumat: hætta, vegna skriðufalla
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 27

SM-214:007 *Bakki* bæjarstæði býli A: 714324 N: 479978



Bæjarhóll Bakka 007, horft til norðvesturs

"Utar í Heimatúninu var austast í því býlið Bakki. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær var þar búið og tóftin ógreinileg," segir í örnefnaskrá. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: "Hlaðnir kálgarðar á Ei[ríksstöðum]. og V. [Víðnes, SM-213b]." Hafliði Sævarsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við aðra kálgarða á Eiríksstöðum en þá sem voru við bæ 001, Hala 003 og/eða Bakka. Sennilega eru það einu kálgarðarnir sem voru á jörðinni en ekki er útilokað að þeir hafi verið fleiri. Bakki er um 130 m austan við bæ 001 og tæpum 60 m vestan við Fossá.

Býlið er í jaðri norðausturhluta Eiríksstaðatúns og austan við það er grýttur árbakki Fossárinnar. Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er Bakka lýst á þann hátt: "[...] a mound, constituting the levelled remains of a farm, perhaps the one named Bakki in some written records [...]. East of it the vegetable garden is still presered, measuring about 10 x 14 m internally." Búið er að slétta yfir túnið og minjar býlisins Bakka. Þó má sjá nokkra upphækkun á svæði sem er 25x15 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er mis skýr. Hún er mest 0.5 m á hæð til norðvestur og fjarar aflíðandi út til allra átta, þó er áberandi 0.3 m hár kantur austast í þústinni sem líklega er kálgarður (eins og Guðrún Sveinbjarnar lýsir). Án efa leynast mannvistarleifar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 28; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 69; SJM III, 407

SM-214:008 bæjarstæði býli A: 714187 N: 479948



Leifar bæjarstæðis 008, horft til norðurs á ljósmynd

"Fimmta býlið var skammt í byggð [hin eru skráð undir númerunum 001, 003, 004 og 007]. Það var uppi á dálitlum kletti sunnan við heimatóftina [001]. Að sögn bjó þar um tíma einsetukona," segir í örnefnaskrá. Býlið er um 30 m SSV við bæ 001 og rúmum 11 m norðvestan við brunn 018. Býlið er í litlum og vel grónum hvammi á norðausturhluta Mosakletts, inn á milli klettarana.

Búið að að raska bæjarstæðinu umtalsvert og byggja fjárhús þar sem býlið var, en þar sjást þó tvö stök veggjabrot á svæði sem er 13x9 m að stærð og snýr norður-suður. Austur- og vesturveggir bæjartóftarinnar eru varðveittar en norður- og suðurveggir hennar hafa verið jafnaðir niður. Þeir sem sjást enn eru eru 0.3-0,4 m á hæð og 1.5 m á breidd. Þeir eru grjóthlaðnir og sjást 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Líkast til hefur verið op á suðurhlið en þaðan er eina færa leiðin að býlinu fyrir klettunum sem umkringja. Ekki er að sjá mikla uppsöfnun mannvistarlaga á bæjarstæðinu, en þó má greina 0.2 m háa upphækkun sem fjarar út um 0.2-0.5 m til allra átta.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 28

SM-214:009 hleðsla brú A: 714438 N: 479977

Undistöður brúar 009, horft til suðausturs

"Á Miðásgljúfrinu var timburbrú um tíma, leifarnar brotnar niður 1947, undir ytri brúarendanum var skúti, nefndur Brúarskúti [...]," segir í örnefnaskrá. Stólpar brúarinnar eru um 250 m austan við bæ 001 og rúmum 210 m norðan við Hala 003.

Brúin var byggð yfir djúpt gljúfur, þar í botninum rennur Fossá. Beggja vegna við gljúfrið eru gróðurlausir klettar en gróðurþekja, sér í lagi mosi og annar lynggróður, eykst eftir því sem fjær dregur.

Eins og segir í örnefnaskránni hefur brúin verð brotin niður, beggja vegna við gljúfrið sést í mosagróinn brúarstólpa austan megin árinnar. Hins vegar sést nánast ekkert vestan megin árinnar en þó sést hvar brúarstólpinn hefur verið. Stólpinn er steyptur en grjóthleðslur liggja út frá stólpanum til austurs. Alls eru stólpinn og hleðslan 0.8-1 m á hæð og 6x3 m að stærð og snúa vestur-austur. Grjóthleðslurnar eru úr blöndu af stæðilegu grjóti og flötu grágrýti. Telja má allt að fjögur umför. Brúin er 12x3 m að stærð sé miðað við lengd gljúfursins og breidd brúarstöplanna.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Fossárdalsjarðir, 12

SM-214:010 tóft fjárhús A: 714155 N: 479998



Fjárhústóft 010, horft til norðurs á ljósmynd

"Fjárhústæftur eru innst á Heimatúni," segir í örnefnaskrá. Fjárhústóft er um 40 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 30 m SSV við fjárhús 002. Fjárhústóftin er nyrst á Mosakletti, fast austan við læk, vaxið grasi og mosa. Norðan og austan við hana eru ræktuð tún.

Í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur "Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland" frá 1992 er fjarhústóftinni lýst á þannig: "A second small building is divided into a sheep-house and a barn, measuring about 8,5 x 5,2 m externally." Fjárhústóftin er 9x6 m að stærð og snýr aystur- vestur. Vesturendi hennar er grafinn inn í hól. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sjást 2-4 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Hæð veggja er mest 1 m og breidd veggja er 1.5 m. Tóftin er tvískipt og skiptist upp í fjárhús og hlöðu. Til aðgreiningar er hverju hólfi gefið númer í þessari lýsingu, sem hefst austast á hólfi 1 (fjárhúsum). Hólf 1 er 3.5x2.5 að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á austurvegg. Í miðju hólfinu er 0.4 m hár og 2.5 m langur grjóthlaðinn garði. Ekki er unnt að telja umför sökum gróðurs. Hólf 2, hlaðan, er vestan við hólf 1. Það er 2.5x1.5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hlaðan er 0.8 m djúp og sjást 5-6 umför af stæðilegu grjóti í veggjum sem eru 0.5-0.8 m á hæð og ná upp úr jörðu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Fossárdalsjarðir, 28; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 68

SM-214:018 dæld brunnur A: 714196 N: 479943

Brunnur 018, horft til austurs

Að sögn Hafliða Sævarssonar, heimildarmanns, er brunnur um 40 m sunnan við bæ 001 og rúmum 10 m suðaustan við býli 008. Brunnurinn er ekki lengur (2018) í notkun. Hann sést illa fyrr en að honum er komið.

Brunnurinn er fast austan við klettabjarg, á mörkum óræktaðs svæðis og sléttað túns. Brunnurinn er ferhyrndur og sést sem niðurgrafin hola, 1x1 m að innanmáli. Ekki sjást neinar hleðslur í brunninum sem var fullur af vatni þegar skrásetjari var á svæðinu á vordögum 2018 og ekki sást til botns.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SM-214:019 hleðsla stekkur A: 714350 N: 479724



Stekkjartóft 019, horft til suðausturs á ljósmynd

Stekkjartóft er um 700 m SSA við bæ 001 og rúmum 30 m NNV við fjárhústóft 006. Stekkurinn er á mörkum Bæjarfjalls og sléttaðs túns. Fast suðvestan við tóftina er vírgirðing sem liggur nálega norður-suður. Upp með Bæjarfjallinu má sjá stór mosagróin björg.

Hleðslan er grjóthlaðin, er 7x3m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Aðeins norðvesturveggur hennar er hlaðinn. Suðvesturhluti hans er grafinn inn í hól og hann er byggður upp við bjarg sem afmarkar suðausturvegginn. Í hleðslunni sjást 2-3 umför af stæðilegu grjóti. Mesta veggjahæð er 0.4 m og eru veggir 1-1,4 m á breidd. Op er á norðausturhlið.

Hættumat: hætta, vegna skriðufalla

5. Niðurstöður

Tvö svæði voru skoðuð með tilliti til fornleifa í Fossárdal vorið 2018. Annars vegar var unnin aðalskráning fornleifa á 88 ha svæði neðst í dalnum, frá Fossárdal I og II niður að sjó í Fossárvík. Innan þessa svæðis var unnin deiliskráning á 25 ha reit austan við tún Eyjólfsstaða og Eiríksstaða, beggja vegna við gljúfrið sem Fossá rennur eftir. Tvö lögbýli voru skráð innan aðalskipulagsreitar, annars vegar Eyjólfsstaðir (Fossárdalur) og hins vegar Eiríksstaðir (Suður-Fossárdalur).

Alls voru skráðar 58 fornleifar innan svæðanna tveggja og þar af voru 12 fornleifar innan deiliskipulagsreitsins eða í innan við 15 m fjarlægð frá honum (en helgunarsvæði fornleifa eru 15 metrar). Ummerki um rúman þriðjung staðanna (35%) voru algerlega horfin en þar sem fornminjar eru enn sýnilegar var ástand þeirra nokkuð gott. Flestir minjastaðir voru horfnir vegna túnsléttunar en aðrir voru horfnir vegna niðurrifs, vegagerðar eða landbrots. Ástæða þess að fimm minjastaðir voru horfnir var óþekkt.

Minjarnar sem skráðar voru reyndust hafa fjölbreytt hlutverk. Skráðir voru sex minjastaðir sem flokkast sem íveruhús; þ.e. bústaðir og býli. Tvö þeirra voru lögbýli en fjögur hjáleigur. Flestir minjastaðanna tengdust landbúnaði, s.s ýmiskonar skepnuhús, réttir, stekkir, kálgarðar, nátthagi, kvíar, vörslugarðar, smalakofi, brunnar, mylla og túngarðar. Einnig var skráður nokkur fjöldi samgönguminja, eins og leiðir, áfangastaður, brú, vað og samgöngubætur (vörður). Þá var skráður einn minjastaður sem tengist fiskvinnslu; þurrkhjallur, og annar sem tengist þjóðtrú; Nykurhylur. Einnig var skráður leikvöllur barna. Ekkert er vitað um hlutverk tveggja fornleifa (ein hleðsla og ein varða). Sjá má öll hlutverk minjanna sem skráðar voru í töflu 1.

Hlutverk	fjöldi	Hlutverk	fjöldi
áfangastaður	1	nátthagi	1
brú	1	óþekkt (hleðsla og varða)	2
brunnur	2	rétt	2
bústaður	2	samgögnubót	4
býli	4	smalakofi	1
fjárhús	4	stekkur	4
hesthús	1	þvottastaður	1
hjallur	1	túngarður	1
kálgarður	2	útihús	7
kvíar	1	vað	1
leið	9	vörslugarður	3
leikvöllur	1	þjóðtrú	1
mylla	1	**Samtals**	**58**

Tafa 1. Hlutverk minjastaða sem skráðir voru í Fossárdal

Allar minjar sem voru innan deiliskipulagsreits eða í 15 m fjarlægð frá honum voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda. Ekki lágu fyrir nákvæmar áætlanir um umfang þeirrar uppbyggingar sem mun eiga sér stað innan reitsins eins og hvar byggingar munu rísa og því var ekki hægt að meta hættu út frá þeim upplýsingum. Af þeim sökum voru allar minjar metnar í stórhættu. Ein undantekning var á

þessari reglu því einn minjastaður innan deiliskipulagsreits var skráður í stórhættu vegna trjáræktar, þar sem búið var að planta trjám í veggi hans og því metið sem svo að honum stafaði meiri hætta af trjárækt en fyrirhuguðum framkvæmdum. Fyrir utan þá 12 minjastaði sem skráðir voru innan deiliskipulagsreitsins, var einn minjastaður innan aðalskráningarsvæðisins metinn í stórhættu vegna trjáræktar og var það túngarður SM-213:070. Þar sem aðrar minjar voru skilgreindar í hættu var ástæðan oftast vegna ábúðar eða jarðræktar en allir minjastaðir í heimatúni Eyjólfsstaða voru metnir í hættu vegna ábúðar og minjastaðir í heimatúni Eiríksstaða metnir í hættu vegna jarðræktar. Á jörðum sem eru í byggð er alltaf hætta á einhvers konar raski þar sem íbúðarhús og helstu athafnasvæði eru innan gamalla heimatúna eins og tíðkast víðast hvar á Íslandi. Þess vegna eru minjar innan heimatúna á jörðum í byggð almennt skilgreindar í hættu vegna ábúðar. Ekki er búið lengur á Eiríksstöðum en þar eru tún enn í rækt og þar stafar fjölda minja hætta af áframhaldandi jarðrækt. Tveir minjastaðir voru metnir í hættu vegna skriðufalla. Í töflu 2 hér fyrir neðan má sjá hversu hátt hlutfall minja var metið í hættu.

Hættumat	**Fjöldi**	**%**
Engin hætta	23	38
Hætta	22	36
Stórhætta	13	26
Samtals	**58**	**100**

Tafla 2. Fjöldi fornleifa sem er í hættu

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að fornleifar innan deiliskipulagsreits teljist í stórhættu er ekki þar með sagt að rask á þeim sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að þær eru innan áhrifasvæðisins og því þurfi að gæta að þeim. Í mörgum, ef ekki flestum, tilfellum ætti að vera hægt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir eyðileggi ekki fornleifarnar. Í lokin er þó rétt að geta þess að þar sem ekki verður komist hjá raski, úrskurðar Minjastofnun Íslands hvort og með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.

Býli og bæjarhólar í Fossárdal

Sex býli voru skráð á þeim hluta Fossárdals sem skráningarsvæðin náðu yfir. Það eru lögbýlin tvö, Eyjólfsstaðir og Eiríksstaðir, ásamt hjáleigum Eiríksstaða; Bakka, Hala og tveggja nafnlausra býla. Vitað er um mun fleiri þekkt býli utan skráningarsvæðisins, innar í dalnum. Almenna reglan um staðsetningu bæjarstæða innan jarða á Íslandi er að bæir voru sjaldan fluttir innan jarðarinnar og standa því oft á sama eða svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld. Við slíkar aðstæður myndast gjarnan stórir bæjarhólar sem samsettir eru úr byggingarleifum og mannvistarlögum frá ólíkum tímabilum. Ritaðar heimildir sem geta um búsetu í Fossárdal eru ekki fornar en elsta heimildin er frá 1703. Þá var aðeins einn bær í dalnum, Fossárdalur, sem fékk síðar nafnið Eyjólfsstaðir SM-213. Vitað er að Eiríksstaðir SM-214 byggðust upp snemma á 19. öld þegar ræktað var upp tún á harðbalanum sunnan Fossár. Hin býlin fjögur eru öll staðsett á þessum sama túnbletti Eiríksstaða, og því má ætla að þau hafi öll verið í byggð á 19. öld en verið farin í eyði snemma á 20. öld. Ekki hafa náð að myndast stæðilegir bæjarhólar á þessum bæjarstæðum þar sem búseta varði ekki lengi. Munnmæli herma að fyrir Svartadauða (1402) hafi verið 11-14 bæir í Fossárdal en að búseta á flestum þeirra hafi lagst af í

plágunni. Mörgum þykir þó dalurinn varla hafa getað borið slíkan fjölda býla þó svo að hann sé grösugur langt inn eftir dal.[8]

Samtala	Sérheiti	Búseta	Ástand
SM-213:001	Eyjólfsstaðir / Fossárdalur	Núverandi íbúðarhús byggt 1957 og staðurinn er rekinn sem bændagisting	Hluta bæjarhólsins hefur verið rutt í burtu og á honum stendur íbúðarhús. Norðurhlutinn er þó nokkurnveginn óraskaður. Þar er ung kálgarðshleðsla.
SM-214:001	Eiríksstaðir / Syðri-Fossárdalur	Búseta frá 1819-1910	Bæjarhóllinn er lítið sem ekkert raskaður og á honum er fjórskipt tóft og sambyggður kálgarður.
SM-214:003	Hali	Í eyði	Bæjarhóllinn er að mestu óraskaður og á honum er tvískipt tóft og kálgarður.
SM-214:004		Óþekkt býli í eyði	Búið er að slétta bæjarhólinn í túnið en þó sést ennþá smávegis upphækkun.
SM-214:007	Bakki	Í eyði	Búið er að slétta bæjarhólinn í túnið en þó sést ennþá nokkur upphækkun.
SM-214:008		Óþekkt býli í eyði	Búið er að raska bæjarstæðinu talsvert og byggja þar nýleg fjárhús. Þar sjást stök veggjabrot.

Tafla 3. Hér má sjá yfirlit yfir þau býli sem voru innan aðalskipulagsreitsins í Fossárdal

Guðrún Sveinbjarnardóttir gerði rannsókn á eyðibýlum á Íslandi í doktorsverkefni sínu og fjallaði meðal annars um býlin í Fossárdal. Guðrún komst að þeirri niðurstöðu að bæirnir í dalnum hafi líklega ekki verið eins margir og munnmæli herma og að líklega séu ekki fleiri en 7-9 bæjarstæði í dalnum. Þau hafi ekki öll verið í byggð á sama tíma. Tvær bæir, Kirkjustaður (Engihlíð) (SM-213:008) og Broddaskáli (SM-213:058), sem báðir eru utan þess svæði sem hér er til umfjöllunar, voru byggðir og yfirgefnir fyrir árið 1362.[9] Rannsókn Guðrúnar snéri að eyðibýlum frá miðöldum og af þeim sökum gerði hún ekki rannsókn á bæjarhólum Eyjólfsstaða og Eiríksstaða, á Eyjólfsstöðum er enn einhverskonar ábúð í gangi og bæjarhóll Eiríksstaða er mun yngri. Enn er því óljóst hvenær búseta hófst á Eyjólfsstöðum og sömuleiðis hvort að eldri búseta en frá 19.-20. öld hafi verið þar sem Eiríksstaðir byggðust síðar upp. Hið síðarnefnda telst þó ólíklegt þar sem tún var ekki ræktað þar fyrr en á 19. öld. Hins vegar þykir mjög líklegt að búseta hafi hafist snemma á Eyjólfsstöðum þrátt skort á rituðum heimildum um það efni, enda vel þekkt á Íslandi að bæjarhús standi á sama blettinum í aldaraðir.

Þar sem aðeins hluti Fossárdals var skráður í þessu verkefni er ekki hægt að gera betur grein fyrir byggðasögu dalsins og þróun landnotkunar innan hans. Mikilvægt er að aðalskráning fornminja fari fram í öllum dalnum til þess að fá fram skýrari mynd af sögu og þróun byggðarinnar og hvernig breytingar á henni birtast á mismunandi búsetutímabilum. Ætla má að mynstur landnotkunar hafi verið ólíkt á mismunandi tímum og að íbúafjöldi í dalnum hverju sinni hafi haft áhrif á hvernig landið var nýtt.

[8] Sveitir og jarðir í Múlaþing III, bls 406
[9] Guðrún Sveinbjarnardóttir 1992, bls. 71

Deiliskipulagsreitur í Fossárvík

Alls voru 12 fornleifar innan deiliskipulagsreitins eins og áður hefur verið greint frá og má sjá nákvæman lista yfir þær minjar í töflu 4 hér að aftan. Nokkur eðlismunur var á þeim fornleifum sem fundust innan deiliskipulagsreitsins annars vegar og aðalskráningarsvæðis hins vegar en aðallega var um að ræða leiðir og götur á deiliskráningarreitnum en mestmegnis minjar tengdar landbúnaði innan aðalskráningarsvæðis. Þetta kann þó ekki að koma á óvart þar sem svæðin eru mjög ólík í eðli sér. Deiliskráningarreiturinn nær yfir svæðið í kringum gljúfrin í Fossá sem er bratt og mikil klettasvæði sem var erfitt yfirferðar, eins og kemur fram í fornleifaskránni hér að framan. Það kemur því ekki á óvart að svæðið hafi að mestu verið nýtt sem samgöngubót til þess að komast inn byggðina þar sem var meira undirlendi. Þar er að finna fjölbreyttara landbúnaðarlandslag með heimatúnum bæjanna, engjum og afréttum. En þrátt fyrir að Fossárvíkin og klettabeltin ofan við hana, hafi að mestu verið leið inn í byggðina í dalnum, þá er þar að finna þrjá minjastaði sem flokkast undir landbúnaðarminjar; tvo stekki og smalakofa. Þessar minjartegundir eiga það þó sameiginlegt að þær eru oft á hrjóstugri svæðum en aðrar landbúnaðarminjar og oftar en ekki lengra frá bæjum. Staðsetning þeirra bendir til þess að reynt hafi verið að nýta ógreiðfærari svæði til beitar og þannig nýta til fullnustu allt það landsvæði sem dalurinn hefur upp á að bjóða.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Austur	Norður
SM-213:020	Hestagjót	gata	leið	714906	480077
SM-213:021	Göngugjót	gata	leið	714705	480046
SM-213:032	Sveinsstekkur	heimild	stekkur	714887	480224
SM-213:034	Miðásstekkur	tóft	stekkur	714501	480122
SM-213:046		hleðsla	óþekkt	714637	480063
SM-213:071	Nykurhylur	náttúruminjar	þjóðtrú	714949	480134
SM-213:079		gata	leið	714501	480108
SM-213:084	Gjót	gata	leið	715038	480105
SM-213:086		gata	leið	714851	480057
SM-213:087		varða	óþekkt	714490	479958
SM-213:089		tóft	smalakofi	714486	480133
SM-214:009A		hleðsla	brú	714439	479978

Tafla 4. Hér sést samantekt á þeim minjum sem fundust innan deiliskipulagsreitsins í Fossárvík

Þar sem fyrirhuguð er uppbygging á svæðinu í formi gönguleiða og stíga, auk aðstöðu fyrir ferðamenn, væri freistandi að reyna að nýta þær upplýsingar sem til eru um gömlu leiðirnar inn dalinn. Leiðin sunnan við Fossá sést enn vel á löngum köflum og því væri upplagt að nýta hana til kynningar á gömlum samgönguminjum og hvernig samgönguleiðir þróuðust og tóku mið af landslaginu í kring.

Minjaheildin á Eiríksstöðum

Margar spennandi minjar er að finna í Fossárdal og áhugavert að sjá hvernig búsetumynstur hefur breyst í dalnum í aldanna rás, býlum fjölgað og fækkað sitt á hvað eftr því hve hart var í ári. Sérstaklega áhugaverð er minjaheildin á Eiríksstöðum en frekar sjaldgæft er að nánast heil heimatún og uppistandandi tóftir frá 19.-20. öld fái að standa óáreitt í nútíma samfélagi. Oftar en ekki hefur öllum nýlegum minjum verið rutt niður og þær sléttaðar í tún. Þess vegna er minjaheildin á Eiríksstöðum sérstök og því mjög mikilvægt er að ekki verði hróflað við henni. Þarna er um að ræða býli sem var í

ábúð í aðeins tæp 100 ár og þar eru sjö uppistandandi tóftir sem sjást mjög vel. Því eru auðvelt að gera grein fyrir hlutverki tóftanna og hvernig búsetumynstri þróaðist ásamt landnotkun í kringum svæðið. Þarna er í raun frábært tækifæri til þess að nýta minjarnar til kynningar á þessum hluta af menningarsögu dalsins fyrir þann fjölda ferðamanna sem á leið þar að til þess að skoða náttúrufegurð fossanna í giljunum. Aðeins er rétt um 1 km gangur frá Nykurhyl, neðst í Fossárvík, og upp að heimatúni Eiríksstaða og því auðvelt að flétta minjasvæðið inn í eina af þeim gönguleiðum sem áætlað er að hanna á svæðinu. Það myndi vissulega gefa svæðinu meira gildi að leiða gönguleiðirnar inn á minjasvæðið og gefa ferðamönnum færi á að kynna sér þetta litla brot af búsetusögu dalsins.

Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

Framkvæmdasjóður ferðamanna. FF13 – 2018 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun (2018). Skoðað á vefsíðu ferðamálastofu þann 23. nóv. 2018: https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/mars/180321-framkvaemdasjodur-ferdamannastada-yfirlit.pdf

Guðrún Sveinbjarnardóttir (1992). *Farm abandonment in medieval and post-medieval Iceland: an interdisciplinary study.* Oxford: Oxbow books.

JJ: J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII. Fylgiskjöl* (1990). Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

SJM III: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, III bindi (1976). Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

SJM V: *Búkolla sveita og jarða í Múlaþingi*, V bindi (1995). Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austulands.

Óútgefnar heimildir

Loftmyndagrunnur Bing.

Túnakort Eyjólfsstaða (1919). Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Eiríksstaða (1919). Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Fossárdalsjarðir: *Örnefnaskrá Fossárdalsjarða* (1884). Þórlindur Sigursson (bóndi á Víðinesi), M. Jónsson (ábúandi á Eyjólfsstöðum) og Björn Illugason (bóndi á Eiríksstöðum).Vélritað 2. mars 1976 eftir staðfestu endurriti frá Sýslumanni SuðurMúlasýslu 21. febrúar 1973. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Hafliði Sævarsson –fæddur 30. maí 1966

Halla Eyþórsdóttir – fædd 27. febrúar 1965

Hnitaskrá

Samtala	Austur	Norður
SM-213:001	480425.283	714114.822
SM-213:002	480426.528	714102.296
SM-213:003	480417.537	714081.058
SM-213:004	480421.576	714062.166
SM-213:005	480455.285	714162.048
SM-213:006	480381.056	714133.696
SM-213:007	480455.617	714078.173
SM-213:015	480375.47	713848.315
SM-213:016	480397.454	713832.451
SM-213:017	480371.679	714253.753
SM-213:018	480358.866	714247.409
SM-213:019	480274.729	714162.766
SM-213:020	480076.601	714906.208
SM-213:021	480043.106	714705.639
SM-213:032	480223.789	714886.671
SM-213:033	480243.962	714715.207
SM-213:034	480122.146	714501.075
SM-213:038	480320.864	714190.895
SM-213:039	480376.873	714257.906
SM-213:040A	480383.926	714138.082
SM-213:040B	480433.064	714083.352
SM-213:041	480445.703	715027.33
SM-213:042	480344.423	714202.046
SM-213:044	480489.848	714269.246
SM-213:045	480327.392	714146.972
SM-213:046	480062.76	714637.025
SM-213:047A	480412.063	714251.487
SM-213:048	480601.437	713832.594
SM-213:066	480611.392	713768.073
SM-213:067	480484.767	713652.555
SM-213:068	480589.514	713651.559
SM-213:070	480373.43	714150.389
SM-213:071	480133.565	714949.407
SM-213:072	480431.651	714107.455
SM-213:075	480293.803	714162.361
SM-213:077	480436.13	714026.409
SM-213:079	480107.913	714501.38
SM-213:080	480107.798	713926.773
SM-213:081A	480103.621	713902.623
SM-213:081B	480106.4	713920.038
SM-213:081C	480109.862	713924.666
SM-213:081D	480114.926	713931.155
SM-213:083	480546.803	714334.069
SM-213:084	480104.803	715038.037
SM-213:085	480365.516	714258.163
SM-213:086	480057.103	714850.818
SM-213:087	479958.196	714490.226

SM-213:088	480415.323	714118.321
SM-213:089	480133.409	714485.927
SM-213:090	480465.712	713591.805
SM-214:001	479981.672	714192.089
SM-214:002	480024.417	714159.571
SM-214:003	479771.617	714380.518
SM-214:004	479864.731	714264.142
SM-214:005	479849.779	714316.249
SM-214:006	479721.101	714360.273
SM-214:007	479978.652	714324.116
SM-214:008	479948.81	714187.411
SM-214:009A	479977.525	714438.898
SM-214:009B	479975.73	714451.563
SM-214:010	479998.266	714155.08
SM-214:018	479943.805	714196.851
SM-214:019	479724.329	714350.209

Minjakort


Yfirlitskort - Fossárdalur
0
200
400
600
800 m
Skýringar
Skráðar fornleifar
Bæjarhóll
Leið
Útlínur túnakorts frá 1919
Aðalskráningarreitur
Deiliskráningarreitur
© Loftmyndir ehf
SM-213:041
SM-213:032
SM-213:071
SM-213:084
SM-213:020
SM-213:086
SM-213:033
SM-213:046
SM-213:021
SM-213:034
SM-213:079
SM-214:009B
SM-213:087
SM-213:089
SM-214:007
SM-214:018
SM-214:008
SM-214:010
SM-214:002
SM-213:080
SM-213:081D
SM-213:081B
SM-213:081A
SM-214:004
SM-214:005
SM-214:003
SM-214:019
SM-214:006
SM-213:083
SM-213:044
SM-213:005
SM-213:047A
SM-213:017
SM-213:038
SM-213:019
SM-213:007
SM-213:088
SM-213:070
SM-213:045
SM-213:075
SM-213:077
SM-213:015
SM-213:016
SM-213:048
SM-213:066
SM-213:068
SM-213:067
SM-213:090



Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- Leið
- Útlínur túnakorts frá 1919
- Aðalskráningarreitur
- Deiliskráningarreitur

Minjakort - Tún Eyjólfsstaða

0 50 100 150 200 m


SM-213:081C
SM-213:081D
SM-213:081A
SM-213:081B
SM-213:080
SM-213:089
SM-213:034
SM-213:079
SM-214:002
SM-214:010
SM-214:001
SM-214:007
SM-214:009A
SM-214:009B
SM-213:087
SM-214:008
SM-214:018
SM-214:004
SM-214:005
SM-214:003
SM-214:019
SM-214:006
© Loftmyndir ehf
Skýringar
Skráðar fornleifar
Bæjarhóll
Leið
Útlínur túnakorts frá 1919
Aðalskráningarreitur
Deiliskráningarreitur
Minjakort - Eiríksstaðir
0
50
100
150
200 m